# FRÉTTABLAÐIÐ

145. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 25. JÚNÍ 2019




Kjósin skartaði sínu fegursta í blíðunni í gær en bændur þar, eins og víðar, eru nú að ljúka fyrri slætti. Rigningar eru enda í kortunum þegar líður á vikuna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Aðeins þriðjungur með vottun

**Rúmlega tvö hundruð stofnanir og fyrirtæki með fleiri en 250 starfsmenn, eða meira en þrjú af hverjum fjórum, eiga enn eftir að öðlast jafnlaunavottun. Samkvæmt lögum þarf vottunin að vera klár fyrir áramót.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Einungis þriðjungur þeirra fyrirtækja og stofnana sem ber samkvæmt lögum að öðlast jafnlaunavottun fyrir árslok hefur fengið vottunina. Sérfræðingar telja að fjölga þurfi vottunaraðilum sem í dag eru fjórir. Ljóst er að ekki mun nást að klára vottun fyrir alla þá aðila sem ekki hafa fengið hana.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, segir það klárt mál að klára þurfi þennan kúf. Það var í tíð flokksbróður hennar, Þorsteins Víglundssonar, sem félags- og jafnréttismálaráðherra, sem lög um jafnlaunavottun voru sett.

Upphaflega áttu fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 250 starfsmenn að hafa hlotið jafnlaunavottun í lok síðasta árs. Gildistöku laganna var hins vegar frestað um eitt ár í nóvember síðastliðnum.

> **Þetta má heldur ekki verða til þess að menn hummi þetta fram af sér.**
>
> Þorgerður K. Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar

Þorgerður Katrín veltir fyrir sér hvort það hafi valdið því að menn hafi slakað eitthvað á hraðanum í þessari vinnu. Hún vonar að það verði ekki aftur gripið til viðlíka aðgerða.

„Ég held að það væru vond skilaboð ef menn ætla eitthvað að fara breyta gildistökunni aftur. Ég trúi ekki að ríkisstjórnin með Vinstri græn í broddi fylkingar muni leggja áherslu á það heldur miklu frekar það að leysa úr þessu,“ segir Þorgerður Katrín.

Stóra myndin sé sú að við séum á réttri leið en horfa þurfi á málið með ákveðnum raunsæisgleraugum. „Þetta má heldur ekki verða til þess að menn hummi þetta fram af sér. Ég vona að ríkisstjórnin gefi út þau skilaboð að það sé ekki rétta leiðin, heldur reynum við bara að vinna okkur í gegnum þetta.“

Það verði þó að sýna ákveðinn sveigjanleika upp að vissu marki. „Þetta verður að vinnast í góðri samvinnu atvinnulífs og Jafnréttisstofu. Ég treysti þessum fagaðilum til þess.“

Þorgerður segist hafa setið ótal fundi með fyrirtækjum um jafnlaunavottun. Það sé ánægjulegt að sjá hvað fyrirtæki taki þetta alvarlega.

„Þau eru að segja að þetta hafi svo jákvæð áhrif almennt inn í fyrirtækin á svo mörgum öðrum sviðum en eingöngu sviði jafnréttismála. Þetta er tæki sem nær yfir meira svið heldur en eingöngu hreina og klára jafnlaunavottun.“

**– sar, bdj / sjá síðu 4**

## Skýrsla um Íslandspóst opinberuð í dag

**ALÞINGI** Skýrsla Ríkisendurskoðunar um Íslandspóst ohf. verður opinberuð í dag að loknum sameiginlegum fundi fjárlaganefndar og stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar. Ákveðið var að biðja Ríkisendurskoðun um að gera úttekt á málefnum fyrirtækisins í janúar síðastliðnum. Málefni Íslandspósts hafa verið til umræðu síðustu mánuði eftir að fyrirtækið óskaði eftir 1,5 milljarða neyðarlánveitingu frá ríkinu. Ingimundur Sigurpálsson sagði af sér sem forstjóri í vor eftir 15 ára starf.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar var tilbúin í síðustu viku en ákveðið var að hún skyldi ekki opinberuð fyrr en ríkisendurskoðandi hefur gert grein fyrir henni á fundum þingnefndanna. **– ab**




## Veður




Suðvestan 3-10 m/s. Skýjað að mestu og úrkomulítið, en bjartviðri austan til. Suðvestan 8-15 í dag, hvassast um landið NV-vert. SJÁ SÍÐU 14

# Aftur verslun í Árneshreppi




Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, opnaði nýja verslun Verzlunarfjelags Árneshrepps í Norðurfirði í gær. Engin verslun hefur verið í Árneshreppi á Ströndum frá því í fyrrahaust. MYND/THOMAS EGUEZABAL

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá opnuninni er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Leiksvæði fá andlitslyftingu

**REYKJAVÍK** Borgarráð Reykjavíkur hefur heimilað umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna sex opinna leiksvæða í Grafarvogi og Vesturbæ. Um er að ræða endurgerð leiksvæða við Berjarima, Flétturima, Hrísrima, Frostaskjól, Granaskjól og Öldugötu. Endurgerðin felur í sér landmótun, endurnýjun gróðurbeða, leiktækja og yfirborðsefna eftir þörfum.

Samkvæmt upplýsingum frá borginni er áhersla lögð á öryggismál, betri fallvarnarefni, bætta lýsingu og aðgengi fyrir alla.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist í júní og verði lokið í september 2019. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 120 milljónir króna. **– smj**

## Endurflytja þurfti mál vegna tafa í héraði

**DÓMSMÁL** Dómur yfir manni sem ákærður var í byrjun árs fyrir tilraun til manndráps verður kveðinn upp í héraðsdómi Norðurlands eystra á morgun. Málið var endurflutt fyrir helgi vegna þess hve langt er liðið frá því aðalmeðferð fór fram í málinu.

Aðalmeðferð málsins fór fram 11. mars síðastliðinn, fyrir 15 vikum, en samkvæmt viðmiðunarreglum um málshraða er miðað við að dómur sé kveðinn upp í málum innan fjögurra vikna frá aðalmeðferð.

Dómsuppsaga í málinu var á dagskrá dómsins 6. maí síðastliðinn en var frestað vegna veikinda.

Ákærða er gefið að sök að hafa stungið annan mann ítrekað fyrir utan hraðbanka í miðbæ Akureyrar 3. nóvember síðastliðinn. Brotaþolinn hlaut fjölda stungusára og skurða um andlit og líkama og tvö höfuðkúpubrot í árásinni. Hann fer fram á rúmar 5 milljónir í bætur úr hendi ákærða.



**Málið er til meðferðar í Héraðsdómi Norðurlands eystra á Akureyri.**

Verði ákærði fundinn sekur á hann yfir höfði sér fangelsisdóm en samkvæmt dómaframkvæmd er algeng refsing fyrir tilraun til manndráps fimm ár í fangelsi. **– aá**

# Ógleði og slappleiki í húsnæði Hagaskóla

Í bréfi skólastjóra Hagaskóla til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar segir að starfsmenn skólans sýni einkenni sem benda til að húsnæðið sé heilsuspillandi. Nemendur glíma við höfuðverk, slappleika og ógleði.

**SKÓLAMÁL** Nokkur fjöldi nemenda og starfsmanna í Hagaskóla hefur sýnt einkenni í samræmi við heilsuspillandi húsnæði. Þetta kemur fram í bréfi skólastjóra Hagaskóla til skóla- og frístundasviðs borgarinnar sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

„Þessir starfsmenn leggja traust sitt á að ég geti fullvissað þá um að húsnæðið sé í lagi. Það get ég ekki gert,“ segir í bréfinu. Segir þar jafnframt að stofurnar hafi „stundum verið rennandi blautar“. Töluvert sé af silfurskottum og skemmdum sem bendi til raka. Segir þar einnig að sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og borgarstjóri hafi fengið gögn um ástand skólans fyrir þremur árum. Er í lok bréfsins óskað eftir tímasetningum um hvenær húsnæðið verði lagað.

Einum skóla og álmu í öðrum skóla í Reykjavík var lokað í vor eftir að mygla fannst í húsnæðinu. Kom það ekki í ljós við skoðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur svo að taka þurfti sýni og fá úr því skorið hjá Náttúrufræðistofnun.

Engin sýni hafa verið tekin í Hagaskóla í tengslum við myglu. Verkfræðistofan Mannvit mældi of háan koltvísýring í fjórum skólastofum í Hagaskóla í fyrra. Fram kemur í skýrslu Mannvits frá því í apríl síðastliðnum að koltvísýringur sé enn of hár og valdi hausverk og slappleika.

Foreldrar barna við skólann hafa margir hverjir sent erindi á skólann þar sem segir að börn hafi fundið fyrir slappleika. „Það er ótvírætt að húsnæðið hefur valdið dóttur minni, [...] í 8. [...] óþægindum. Í haust, stuttu eftir skólabyrjun, skrifaði ég [...] um að henni liði illa í skólastofunni vegna loftleysis. Nú í vor var það enn verra, hún var með höfuðverk oftar en ekki, ógleði og slappleika,“ segir í einu erindanna sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Í öðrum kemur fram stigversnandi líðan barna.



**Í erindum foreldra barna í Hagaskóla til skólans kemur fram að börn þeirra glími við slappleika, stigversnandi höfuðverk og ógleði.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Ég vorkenni starfsfólki skóla- og frístundasviðs. Þau fá endalaust af kvörtunum og ákvöll en þau hafa ekki fjármagn til að takast á við þetta.**



Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, hefur rætt málið á vettvangi borgarstjórnar. Hún segir forgangsröðun borgarinnar hafa verið kolranga í áraraðir. „Það er sífellt farið í vörn þegar þetta berst í tal.“

Í svari frá borginni segir að viðhaldsþörf í grunnskólunum sé uppsöfnuð og afleiðing af efnahagssamdrættinum sem varð eftir hrunið. Nú sé verið að vinna það upp með auknum fjárframlögum til viðhalds.

„Ég vorkenni starfsfólki skóla- og frístundasviðs. Þau fá endalaust af kvörtunum og ákvöll en þau hafa ekki fjármagn til að takast á við þetta. Þetta er orðið svo stórt,“ segir Kolbrún. „Fyrir utan grey börnin sem þurfa að dúsa þarna. Það kæmi ekki á óvart að við færum að sjá skaðabótamál vegna þessara mála.“

Skólastjórnandi í Hagaskóla, sem Fréttablaðið náði tali af í gær, segir að þeir hafi lengi talað fyrir daufum eyrum en fyrirhugað sé að funda með fulltrúum Reykjavíkurborgar í dag. **arib@frettabladid.is**


**Vélorf**
**atvinnumannsins**
**og þeirra sem gera kröfur**

Japönsku MITOX-Kawasaki vélorfin hafa um árabil verið val atvinnumannsins þegar kemur að því að velja öflugt og endingargott vélorf í krefjandi slátt.



MITOX
Powered by Kawasaki

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Baldursnes 8, 603 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is




Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

# Mikill áhugi fagfólks á geðheilbrigðisþjónustu í fangelsum

**HEILBRIGÐISMÁL** Sex hafa lýst áhuga á viðræðum við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) um geðheilbrigðisþjónustu fyrir fanga í fangelsum landsins. Þetta kemur fram í svari Sjúkratrygginga við fyrirspurn Fréttablaðsins. Viðræður eru sagðar standa yfir.

**Sjúkratryggingar Íslands auglýstu í vor eftir áhugasömum aðilum til að útfæra og veita föngum í fangelsum landsins geðheilbrigðisþjónustu.**

Fyrr í vor auglýsti stofnunin eftir viðræðum við áhugasama aðila til að útfæra og veita geðheilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum landsins. Lögð er áhersla á að þjónustan verði veitt í þverfaglegri teymisvinnu og þjónustuveitandi muni koma að henni ásamt öðrum sem veiti föngum heilbrigðisþjónustu.

Gerð er sú krafa að tilvonandi þjónustuveitandi hafi yfir að ráða þverfaglegu teymi starfsfólks með sérhæfingu og reynslu af geðheilbrigðisþjónustu. Fagleg yfirstjórn þjónustunnar skuli vera í höndum geðlæknis með að lágmarki þriggja ára starfsreynslu. Frestur til að lýsa áhuga á verkefninu rann út 26. maí og standa viðræður nú yfir.

Í fréttatilkynningu frá Heilbrigðisráðuneytinu frá 9. apríl síðastliðnum segir að SÍ hafi verið falin gerð samnings um geðheilbrigðisþjónustu í fangelsum og að miðað sé við að samið verði við Landspítalann um að sérfræðingar geðdeildar sinni þjónustunni.

Mánuði síðar auglýstu Sjúkratryggingar hins vegar eftir áhugasömum aðilum til viðræðna um þjónustuna. Heimildir Fréttablaðsins herma að auk geðsviðs Landspítalans sé SÁÁ meðal þeirra sex sem lýst hafa áhuga. Miðað er við að byrjað verði að veita hina efldu þjónustu snemma á næsta ári. **– aá**


**Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## 16 milljónir í lögfræðiráðgjöf

**ORKUMÁL** Utanríkisráðuneytið hefur varið rúmum 16 milljónum króna í aðkeypta lögfræðiráðgjöf vegna þriðja orkupakkans. Þar af fóru 8,5 milljónir króna í að fá álit Carls Baudenbacher, fyrrverandi forseta EFTA-dómstólsins, sem og að koma honum til landsins.

Stefán Már Stefánsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Friðrik Árni Friðriksson Hirst lögfræðingur, sem unnu ítarlega álitsgerð um málið fyrir ráðuneytið, fengu samanlagt rúmar 4,4 milljónir króna.

## 46%

**eru andvíg þriðja orkupakkanum samkvæmt nýrri könnun MMR.**

Þetta hefur lítil áhrif haft á stuðning almennings við þingsályktunartillöguna. Samkvæmt nýrri könnun MMR hefur þeim sem styðja málið fjölgað um fjögur prósentustig. Stuðningur við orkupakkann mælist nú 34 prósent samanborið við 30 prósent í síðustu könnun, sem gerð var í maí. Fækkar þeim sem eru andvígir úr 50 prósentum niður í 46 prósent. Einn af hverjum fimm tók ekki afstöðu. Stuðningurinn við orkupakkann hefur farið vaxandi meðal kjósenda Vinstri grænna og Framsóknarflokksins, andstæðingar orkupakkans eru þó fleiri en stuðningsmenn innan Framsóknar og Sjálfstæðisflokks. **– ab**

# Aðeins þriðjungur fyrirtækja hefur hlotið jafnlaunavottun

**Tæplega þrjú hundruð fyrirtækjum og stofnunum í landinu ber að öðlast jafnlaunavottun fyrir árslok. Einungis 66 þeirra hafa hlotið vottun og ljóst er að ekki næst að klára vottun í þeim fyrirtækjum sem eftir eru á þessu ári. Fjölga þarf vottunaraðilum.**



**Með jafnlaunavottun geta fyrirtæki og stofnanir komið í veg fyrir kynbundinn launamun.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

**JAFNRÉTTISMÁL** Minna en fjórðungur þeirra fyrirtækja og stofnana sem samkvæmt lögum ber að verða sér úti um jafnlaunavottun fyrir lok þessa árs hefur hlotið vottun. Jafnlaunavottun var lögfest í júní árið 2017 og felur hún í sér að öllum fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 manns á ársgrundvelli beri að gæta þess að ekki sé mismunun í launum eftir kyni.

Fyrsti áfangi laganna nær til fyrirtækja og stofnana þar sem starfa 250 manns eða fleiri og ber þeim fyrirtækjum að öðlast jafnlaunavottun fyrir 31. desember 2019. Fyrirtæki af þeirri stærðargráðu eru 289 talsins hér á landi og einungis 66 þeirra hafa öðlast vottunina.

Heimild er til að beita dagsektum allt að fimmtíu þúsund krónum á dag hafi þessi fyrirtæki ekki hlotið jafnlaunavottun fyrir lok þessa árs. En samkvæmt svari frá Jafnréttisstofu við fyrirspurn Fréttablaðsins, verður dagsektum ekki beitt nema að vel ígrunduðu máli.

Fjórir aðilar hér á landi hafa leyfi til að gefa út vottun á jafnlaunakerfi fyrirtækja en ljóst þykir að ekki náist að klára vottunarferli þeirra 223 fyrirtækja og stofnana sem ættu að hafa öðlast vottun á þessu ári.

„Nú er árið að verða hálfnað þannig að það er orðið svolítið tvísýnt hvort þetta náist, ef við gefum okkur að það fari tveir til þrír vinnudagar í hverja vottun þá er nú auðvelt að leggja það saman,“ segir Kjartan J. Kárason, framkvæmdastjóri Vottunar hf. sem er einn þessara fjögurra aðila.

**Óskastaðan hefði verið sú að þetta hefði komið jafnt yfir árið, þetta er bara eins og ef allir bílar ættu að fara í skoðun fyrir árslok og þá færu líklega allir á sama tíma.**

Kjartan J. Kárason, framkvæmdastjóri Vottunar hf.

**Fyrirtæki og stofnanir þurfa að hljóta jafnlaunavottun fyrir:**

| | |
|---|---|
| 250 starfsmenn eða fleiri: | 31.12. 2019 |
| 150-249 starfsmenn: | 31.12. 2020 |
| 90–149 starfsmenn: | 31.12. 2021 |
| 25–89 starfsmenn: | 31.12. 2022 |

Hann bætir því við að vel hefði verið hægt að gefa út jafnlaunavottun á mun fleiri fyrirtæki og stofnanir en þessi sextíu og sex sem nú þegar hafa öðlast þær. „Óskastaðan hefði verið sú að þetta hefði komið jafnt yfir árið, þetta er bara eins og ef allir bílar ættu að fara í skoðun fyrir árslok og þá færu líklega allir á sama tíma.“

Fyrir árslok 2020 ber þeim fyrirtækjum og stofnunum sem hafa 150-249 starfsmenn af öðlast jafnlaunavottun svo enn fleiri vottanir ber að gefa út á næsta ári. „Á sama tíma bætist við eftirfylgni þeirra fyrirtækja sem fá vottun í ár, svo á næsta ári verður þetta enn meira en þetta er í ár.“ Jafnlaunavottun fyrirtækja og stofnana er fylgt eftir árlega með skoðun á þeim fyrirtækjum sem hlotið hafa vottun. Þriðja hvert ár á sér svo stað stærra skoðunarferli.

Hafsteinn Einarsson, ráðgjafi hjá PwC, segir að eðlilegt væri að fjölga þeim sem gefa út jafnlaunavottun til þess að létta á stöðunni. „Þegar búið er að setja löggjöf þar sem allir eru skyldugir til þess að hafa jafnlaunavottun væri eðlilegt að fjölga þeim aðilum sem hafa leyfi til þess að gefa út vottun, og víkka þannig flöskuhálsinn sem hefur stíflast.“

**birnadrofn@frettabladid.is**




# Vesturbæjarlaug lokuð í tvær vikur

**REYKJAVÍK** Vesturbæjarlaug verður lokuð næstu tvær vikur eða svo vegna viðgerða sem þar standa yfir. Þegar hringt er í síma laugarinnar, sem stendur við Hofsvallagötu, má heyra í símsvara sem segir að laugin sé lokuð frá frá 24. júní til 5. júlí vegna viðhalds og framkvæmda.

„Við opnum aftur laugardaginn 6. júlí,“ segir símsvarinn. Ætla má að Vesturbæingar, sem og aðkomufólk, hafi orðið fyrir vonbrigðum í dag en fjöldi fólks sækir laugina alla jafna. Er þetta ekki í fyrsta sinn sem lauginni er lokað tímabundið. Henni var lokað í tvær vikur í júní 2012, var þá verið að endurnýja, mála og fara yfir hluti sem ganga úr sér.

Ekki liggur fyrir hvers lags viðgerðir um ræðir í þetta skiptið en ljóst má vera að biðin gæti reynst sundgörpum erfið. **– dfb**



**Vesturbæjarlaug var síðast lokað í júní fyrir sjö árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Eigendur spenna bogann með metarðgreiðslu

**VIÐSKIPTI** „Við ráðum við þetta núna, þetta sleppur til eins og maður segir,“ segir Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, aðspurður hvort eigendur séu að skera sér of stóra sneið með arðgreiðslu upp á 694 milljónir króna í ár. Gísli segir fyrirtækið, sem er í eigu Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Borgarbyggðar og Skorradalshrepps, hafa kallað eftir í því mörg ár að eigendur setji sér skýra arðgreiðslustefnu til framtíðar.

Marta Guðjónsdóttir og Örn Þórðarson, fulltrúar Sjálfstæðisflokks í Reykjavík í stjórn Faxaflóahafna, vöruðu við upphæð arðgreiðslunnar í bókun á fundi stjórnar fyrir helgi. Aðrir fulltrúar eigenda í stjórn segja fyrirtækið hins vegar hafa alla fjárhagslega burði til að standa undir arðgreiðslunni, sem nemur 50 prósentum af reglulegum hagnaði ársins 2018 og 25 prósentum af óreglulegum hagnaði.

Aðspurður segir Gísli að árið 2018 hafi að sumu leyti verið óvenjulegt hvað afkomu varðar, enda er tillagan um arðgreiðslu nær tvöfalt hærri en síðustu tvö ár þar á undan og fjórfalt hærri en árið þar áður. „Það var tekjuauki af farþegaskipum og síðan af auknum flutningum. Við sáum um mitt ár í fyrra að það var komið ákveðið jafnvægi. Við sjáum ekki fram á að árið 2019 verði með sama hætti og 2018. Þá er maður ekki að spá neinum heimsenda en það verður ekki sama afkoma í ár,“ segir Gísli. **– smj**



**Gísli Gíslason hafnarstjóri segir ljóst að afkoman í ár verði ekkert í líkingu við afkomuna í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Engin sönnunargögn, segir Clegg.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Segir að engin gögn bendi til afskipta Rússa

**TÆKNI** Engin sönnunargögn benda til þess að utanaðkomandi aðilar á borð við rússnesk stjórnvöld hafi nýtt sér samfélagsmiðilinn Facebook til þess að hafa óeðlileg afskipti af þjóðaratkvæðagreiðslu Breta um útgöngu úr Evrópusambandinu sumarið 2016. Þetta sagði Nick Clegg, samskiptastjóri Facebook og fyrrverandi varaforsætisráðherra Breta, í gær.

Að sögn Cleggs hefur Facebook tvisvar tekið hugmyndir um afskipti Rússa af atkvæðagreiðslunni sérstaklega til skoðunar. Sú greining hefur ekki skilað neinum gögnum sem renna stoðum undir þá kenningu, að sögn Bretans. **– þea**

## Vilja að hætt sé við framsal

**KANADA** Lögmenn Meng Wanzhou, fjármálastjóra kínverska tæknirisans Huawei, biðluðu í gær til Davids Lametti, dómsmálaráðherra Kanada, um að meðferð á framsalsbeiðni Bandaríkjanna á hendur Meng yrði hætt. Þetta sagði í fréttatilkynningu lögmannanna.

Sagði þar að Lametti ætti að „nýta vald sitt til þess að draga málið til baka þar sem enginn grundvöllur væri fyrir framsalsbeiðninni og að það myndi þjóna hagsmunum Kanada að láta málið niður falla“.

Meng var handtekin í Vancouver að beiðni Bandaríkjamanna í desember síðastliðnum. Bandaríkjamenn saka hana um bankasvindl og halda því fram að hún hafi blekkt banka og reynt að leyna meintum viðskiptum Huawei sem áttu að hafa brotið gegn viðskiptaþvingunum. **– þea**

# Trump forseti tilkynnti um frekari þvinganir gegn Íran

Bandaríkjaforseti tilkynnti um fleiri viðskiptaþvinganir gegn Íran. Beinast til dæmis gegn Khamenei æðstaklerk. Samband Bandaríkjanna og Írans versnað stöðugt frá embættistöku Trumps. Fyrri þvinganir reynst írönsku hagkerfi afar erfiðar. Verðlag hefur hækkað og skortur er á innfluttum varningi.

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti tilkynnti í gær að hann myndi beita Íran nýjum viðskiptaþvingunum. Að því er kom fram í tilkynningu bandaríska fjármálaráðuneytisins beinast þessar nýju þvinganir gegn átta hátt settum stjórnendum írönsku Byltingarvarðasveitarinnar (IRGC).

Einnig verður hert að írönskum stjórnmálamönnum. Þvinganirnar beinast til að mynda sérstaklega gegn embætti æðstaklerksins Ali Khamenei. Þá verður þvingunum beitt gegn utanríkisráðherra Írans síðar í vikunni. „Við munum halda áfram að auka þrýstinginn á Teheran. Íran má aldrei eignast kjarnorkuvopn,“ sagði Trump.

Togstreitan á milli Írans og Bandaríkjanna hefur aukist mikið undanfarnar vikur. Bandaríkin hafa kennt Írönum um árásir á olíuflutningaskip á Ómanflóa, sem Íranar neita. Þá hafa ríkin deilt um hvort bandarískur dróni sem Íranar skutu niður hafi verið innan íranskrar lofthelgi eða ekki.

Síðasta fimmtudag, rétt eftir drónaskotið, gerði bandaríski herinn tölvuárás á íranska leyniþjónustustofnun sem Bandaríkjamenn telja ábyrga fyrir árásunum á olíuflutningaskipin. Samkvæmt The New York Times var eldflaugaskotkerfi Írans einnig tekið niður í stafrænu árásinni. Trump hafði þennan sama dag heimilað en síðan afturkallað heimild til beinnar árásar á írönsk hernaðarskotmörk.

Steve Mnuchin, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, sagði í gær að þvinganirnar sem nú á að beita hafi verið á dagskrá áður en dróninn var skotinn niður.

Samband þessara tveggja ríkja hefur raunar farið versnandi lengi, eða allt frá því Trump tók við embætti. Hann ræddi ítrekað um í kosningabaráttunni 2016 að hann ætlaði sér að rifta nýgerðum



**Trump forseti vill tryggja að Íran komi sér ekki upp kjarnorkuvopnabúri.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Við munum halda áfram að auka þrýstinginn á Teheran. Íran má aldrei eignast kjarnorkuvopn.**
>
> Donald Trump, forseti Bandaríkjanna

samningi Írans, Bandaríkjanna, Kína, Frakklands, Þýskalands, ESB, Rússlands og Bretlands (JCPOA). Samningurinn snerist í grunninn um að þvingunum yrði aflétt gegn því að Íran frysti kjarnorkuáætlun sína.

Trump stóð við loforðið, rifti samningnum af hálfu Bandaríkjanna og fór að beita þvingunum á ný. Íranar og aðrir aðilar að samkomulaginu lýstu yfir óánægju sinni með ákvörðun Bandaríkjaforsetans en reyndu þó að halda lífi í samkomulaginu.

Þetta breyttist ári eftir riftun, eða í maí síðastliðnum, þegar Hassan Rouhani Íransforseti tilkynnti að Íran hefði hætt að framfylgja samningnum. Nú myndi Íran halda auðguðu úrani í stað þess að selja það úr landi, eins og kveðið er á um í samningnum, nema aðrir samningsaðilar vernduðu Íran gegn bandarísku þvingununum.

Þær þvinganir sem Trumpstjórnin hefur beitt Íran hafa gert það að verkum að erlendir fjárfestar sýna landinu engan áhuga og þá hafa þær einnig bitnað á olíuútflutningi, samkvæmt því sem kom fram í umfjöllun BBC í gær. Þar sagði enn fremur að þessi áhrif leiddu til skorts á innfluttum vörum og að verðlag hafi hækkað mjög. **thorgnyr@frettabladid.is**

# Útlit fyrir að kappræðum verði aflýst vegna neitunar Johnsons

**BRETLAND** Kappræður frambjóðendanna tveggja í leiðtogakjöri breska Íhaldsflokksins, sem áttu að fara fram á Sky News í dag, fara líklega ekki fram. Sigurstranglegri frambjóðandinn, utanríkisráðherrann fyrrverandi Boris Johnson, hefur nefnilega hafnað því að taka þátt.

Jeremy Hunt, núverandi utanríkisráðherra og andstæðingur Johnsons í leiðtogakjörinu, hefur skorað á Johnson að mæta sér í sjónvarpssal.

„Jeremy Hunt hefur samþykkt að taka þátt en Boris Johnson hefur neitað því enn sem komið er. Við erum tilbúin að halda kappræður á morgun ef báðir frambjóðendur gefa kost á sér. Ef þeir vilja ekki báðir mæta til leiks verða engar kappræður,“ hafði BBC eftir tilkynningu frá Sky.

Sjálfur birti Hunt grein í The Times í gær þar sem hann sagði Johnson að láta af „heigulshætti sínum“ og að „sýna karlmennsku“ með því að mæta til kappræðna. „Íhaldsflokknum mun finnast hann svikinn um raunverulegt leiðtogakjör ef sá sigurstranglegasti er ekki tilbúinn að mæta gagnrýni í sjónvarpskappræðum. Nú eru bara tvær vikur þar til kjörseðlar berast og við skuldum Íhaldsflokknum og landinu raunverulegt leiðtogakjör,“ skrifaði Hunt.

Atkvæðagreiðsla almennra flokksmanna fer fram í pósti. Búist er við því að kjörseðlum verði ekið í hús flokksmanna í kringum 7. júlí og verða niðurstöður leiðtogakjörsins loks kynntar þann 22. júlí næstkomandi. **– þea**



**Nei, takk, segir Johnson við boði um kappræður í sjónvarpssal.** NORDICPHOTOS/AFP

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Nýtt í Bónus!

Takmarkað magn






56-60 bitar

FORELDAÐ
Aðeins að hita

**1.498** kr./2,5 kg

**Chick'n Hot Wings**
Kjúklingavængir, frosnir, 2,5 kg

1 kg




íslenskt grænmeti





**498** kr./1 kg

**Tómatar**
Íslenskir, 1 kg

BÓNUS

EKKERT BRUÐL


VALITOR

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með 23. júní eða meðan birgðir endast.



Fjölmenni var við opnunina og var Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, heiðursgestur. Þá flutti Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps, ræðu við opnunina.

# Verslun opnuð í Norðurfirði

Ný verslun Verzlunarfjelags Árneshrepps var opnuð í Norðurfirði í gær. Thomas Eguezabal tók þessar myndir af opnunarhátíðinni.








FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Að fá að deyja með reisn



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Í asanum sem jafnan fylgir þinglokum eru ýmis mikilvæg mál afgreidd sem ekki fá mikla athygli. Dæmi um slíkt er gerð skýrslu um dánaraðstoð sem er afar viðkvæmt mál enda álitaefnin margvísleg. Slík skýrsla yrði mikilvægt fyrsta skref í átt að opinni og upplýstri umræðu sem vonandi mun eiga sér stað í kjölfarið. Hvort sem fólk er hlynnt eða andvígt því að dánaraðstoð verði lögleidd hljóta langflestir að vera sammála um það að upplýsingaöflun leiði til betri og dýpri umræðu. Þess vegna var athyglisvert að sjá að allir átta þingmenn Miðflokksins sem voru viðstaddir, auk tveggja þingmanna Sjálfstæðisflokksins, völdu að sitja hjá við atkvæðagreiðsluna. 39 þingmenn sýndu hins vegar þá víðsýni að samþykkja tillöguna án þess að í því fælist endilega endanleg afstaða til málsins.

Þar sem dánaraðstoð hefur verið lögleidd var það gert að undangenginni mikilli umræðu í viðkomandi löndum. Hér á landi hefur verið vaxandi umræða um dánaraðstoð og fyrir rúmum tveimur árum var félagið Lífsvirðing stofnað. Markmið félagsins er að stuðla að umræðu og fræðslu um málefnið en einnig að hér verði sett löggjöf um dánaraðstoð.

Í skýrslunni verða meðal annars teknar saman upplýsingar um dánaraðstoð og þróun lagarammans í þeim löndum þar sem hún er leyfð. Þá er að finna tillögu um að gerð verði könnun á afstöðu heilbrigðisstarfsmanna til málefnisins.

Samkvæmt íslenskum lögum eiga dauðvona sjúklingar rétt á því að deyja með reisn. Það getur falið í sér óskir um að hætta meðferð sem lengir líf viðkomandi eða tilraunum til endurlífgunar. Mörkin milli þess og heimildar læknis til að binda enda á líf einstaklings sem haldinn er ólæknandi sjúkdómi og vill ekki lifa lengur sökum þjáninga eru kannski ekki mjög skýr. Í Belgíu, þar sem löggjöf um dánaraðstoð þykir sú frjálslyndasta í heimi, er raunar litið á dánaraðstoð sem hluta líknandi meðferðar.

Könnun sem Siðmennt gerði á lífsskoðunum og trú Íslendinga í nóvember 2015 leiddi í ljós mikinn stuðning við líknandi dauða þegar sjúklingur væri haldinn ólæknandi sjúkdómi. Þrír af hverjum fjórum sögðust hlynntir því að slíkir einstaklingar gætu fengið aðstoð við að binda enda á líf sitt. Þegar Íslendingar verða tilbúnir að stíga það skref að lögleiða dánaraðstoð yrði auðvitað hægt að setja ströng skilyrði.

Á málþing um dánaraðstoð sem haldið var síðastliðið haust komu sérfræðingar frá Belgíu og Hollandi. Þar hefur dánaraðstoð verið heimil frá 2002. Skilaboð þeirra til Íslendinga voru þau að ræða málefnið á opinskáan hátt og horfa til reynslu þjóða sinna, eins og nú virðist ætla að verða raunin. „Þetta snýst ekki um að enda líf, þetta snýst um að enda þjáningar," sagði einn sérfræðinganna. Ákvörðun um slíkt hlýtur að vera best komin í höndum sjúklingsins sjálfs.

**39 þingmenn sýndu hins vegar þá víðsýni að samþykkja tillöguna án þess að í því fælist endilega endanleg afstaða til málsins.**


# Hjólhýsa mover



kronings

18501 Semi Auto Mover 2WD - 1,8 tonn
**Verð 169.000**

17201 Full Auto Mover 2WD - 2 tonn
**Verð 240.000**

17001 HD Full Auto Mover 2WD - 2,5 tonn
**Verð 240.000**

KYNNINGARTILBOÐ frá 169.000 Meðan birgðir endast

Allar nánari upplýsingar og pantanir í síma 863 4449 og 778 2294, hjolhysi.com og á netfangið kriben@simnet.is

hjolhysi.com • Bæjarhraun 24, Hafnarfirði
Opið mánud.-föstud. kl. 11-18 og laugard. kl. 12-16


## Halldór




## Frá degi til dags

**Engar kökur á kaffistofunni**
**Sitt sýnist hverjum um fyrirhugaðan sykurskatt sem ríkisstjórnin hyggst innleiða. Á þá að hækka álögur á gos og nammi en lækka á ávexti og grænmeti. Á meðan embættismenn horfa til lækkandi tíðni langvinnra sjúkdóma þá spyrja nammigrísir sig hvað þeirra hám komi stjórnvöldum við. Næsta skref yrði væntanlega að banna stofnunum og fyrirtækjum að bjóða upp á kökur á kaffistofunni. Fyrir utan að skikka öll afmælisbörnin til að bjóða upp á epli og lárperur í stað heilsuspillandi skúffuköku.**

**Spil eða íþrótt?**
**Rafíþróttir sækja í sig veðrið þessi misserin. Íþróttafélög víða um landið hafa sýnt þessu áhuga þar sem þetta byggir upp félagsfærni, skapar liðsanda og hvetur til heilbrigðs lifernis, líkt og aðrar íþróttir. Stefán Pálsson, sagnfræðingur og knattspyrnuáhugamaður, varpaði sprengju inn í umræðuna í gær þegar hann lýsti því yfir á Twitter að rafíþróttir væru ekki íþróttir heldur spil. Þegar átti að skáka honum benti hann á að skák væri einmitt ekki íþrótt. Mætti þá ætla að það sama gilti um brids, þar sem við fögnuðum heimsmeistaratitli um árið, gilti þá einu hvort það var flokkað sem íþrótt eða spil.**
arib@frettabladid.is

# Barnaverndaráætlun – nýr tónn og aukið fjármagn



Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra Íslands

Ný fjögurra ára framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum var samþykkt á Alþingi fyrir þinglok. Þar kveður við nýjan tón á ýmsum sviðum enda er gert ráð fyrir 600 milljóna fjáraukningu til þess að byggja upp og þróa ný úrræði og þjónustu við börn. Unnið verður að því að efla grunnvinnslu barnaverndarmála á fyrstu stigum, stuðla að snemmtækri íhlutun, auka samvinnu ríkis og sveitarfélaga og fjölga gagnreyndum úrræðum.

Framkvæmdaáætlunin er liður í heildarendurskoðun í málefnum barna og mikilvægt skref í átt að því að skapa heildarsýn og samfellu í þeirri þjónustu og í þeim úrræðum sem standa börnum og foreldrum til boða. Hún er metnaðarfull og unnin í góðu samráði við helstu hagsmunaaðila.

Eitt af meginmarkmiðunum er að koma fyrr að vanda barna. Rannsóknir sýna að börn sem verða fyrir áföllum eða búa við vanrækslu í æsku eru líklegri til að leiðast út af braut í lífinu. Þeim er jafnframt hættara við ýmsum sjúkdómum. Það er því til mikils að vinna fyrir samfélagið allt að koma þeim sem á þurfa að halda til hjálpar með gagnreyndum úrræðum – og það sem fyrst.

Til þess þarf að tryggja samstarf þeirra kerfa sem þjónusta börn og horfa á þjónustuna með heildstæðum hætti. Hagsmunir barna krefjast þess. Gera þarf kröfu um skýra ábyrgð og samþættingu þjónustu og úrræða og er mikill vilji fyrir því innan ríkisstjórnarinnar. Þá þyrfti í mörgum tilfellum að grípa miklu fyrr til aðgerða en þegar þröskuldur til inngripa á grundvelli barnaverndarlaga næst, en hann miðast við að börn búi við óviðunandi aðstæður eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu.

Það hefur verið gefandi að taka þátt í að móta ofangreinda framkvæmdaáætlun og verkefnið nú er að fylgja henni eftir af festu. Þessi framsækna áætlun sýnir að okkur er alvara þegar við segjumst ætla að gera betur fyrir börnin okkar.

**Eitt af meginmarkmiðunum er að koma fyrr að vanda barna.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Keisarinn er ekki í neinu ...





**Gunnar H. Gunnarsson**
verkfræðingur

**Örn Sigurðsson**
arkitekt

*Opið bréf til*
*Dags B. Eggertssonar*
*Dóru Bjartar Guðjónsdóttur*
*Þórdísar Lóu Þórhallsdóttur*
*Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur*
*Katrínar Jakobsdóttur*
*Bjarna Benediktssonar*
*Sigurðar Inga Jóhannessonar*
*Guðmundar I. Guðbrandssonar*

Reykjavíkurborg mun ekki ná markmiði sínu um 40% minni losun $CO_2$ fyrir 2030 (m.v. 1990) nema gripið verði til róttækra aðgerða í þéttingu byggðar í Vatnsmýri. Án þéttingar þar mun ríkið ekki heldur ná sínum markmiðum nema með því að kosta til gríðarlegum viðbótar fjármunum.

Tilefni þessa opna bréfs er rökstuddur grunur Samtaka um betri byggð (BB) um að ca. 99% líkur séu á því að borgarstjórn muni semja við ríkið um áframhaldandi flug í Vatnsmýri fram yfir árið 2030 gegn smávægilegri dúsu, réttmætu ríkisframlagi til samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í því skyni að auka líkurnar úr ca. 1% í 100% á því að þetta muni ekki verða teljum við hér upp helstu rökin gegn því að slíkur samningur verði gerður.

Þannig færi borgarstjórn gegn meginhagsmunum Reykvíkinga og annarra landsmanna. Hún færi á svig við Aðalskipulag Reykjavíkur til 2030 og samkomulag borgar og ríkis frá 23.10. 2013 um að Vatnsmýrarflugvöllur hverfi árið 2022. Í þessu máli hefur núverandi meirihluti borgarstjórnar ekkert lýðræðislegt umboð. Málið var ekki á dagskrá í kosningum 2018.

En Samtök um betri byggð hafa fullt umboð í málinu. Þau áttu langstærstan þátt í að kosningar unnust, sem haldnar voru að kröfu samtakanna 2001 um brotthvarf flugvallar úr Vatnsmýri árið 2016.

Framlengd vera flugvallar í Vatnsmýri er ekki aðeins tilræði við þjóðarhag og alvarlegt brot gegn helstu hagsmunum Reykvíkinga, sem kusu hann burt 2001, heldur einnig illskiljanleg lítilsvirðing við sýn ungra Íslendinga, sem taka ógnina um hlýnun Jarðar alvarlega.

Orð Hannesar Hafstein 1905 eru í fullu gildi 114 árum síðar. Efnislega sagði hann: Misvægi atkvæða mun skekkja alla hugsun, samræðu, ákvarðanir og aðgerðir til ómælds tjóns fyrir íslenska þjóð. Þessi orð rætast aftur og aftur.

> **Tíminn er naumur og framtíðin óviss. Þetta veit m.a. unga fólkið, sem kemur saman vikulega á Austurvelli og í miklum fjölda annarra borga um allan heim til að mótmæla dáðleysi valdhafa.**

Vatnsmýri er verðmætasta byggingarsvæði Íslands, a.m.k. 300 milljarða (ma.) kr. virði. Með 5% ávöxtunarkröfu er tap ríkis og borgar amk. 15 ma. á ári eða 300 ma. á 20 árum auk vaxta og þjóðhagslegs taps vegna glataðra tækifæra og tjóns á sviði lýðheilsu, samfélags, menningar og reksturs borgar, atvinnuvega og heimila. Reykjavíkurborg getur tafarlaust krafið ríkið um lóðarleigu fyrir borgarlandið undir flugvellinum í Vatnsmýri. Fyrir hvert prósent væri ársleigan t.d. 2.000.000.000 kr.

Þétt og blönduð miðborgarbyggð í Vatnsmýri og Gamli miðbærinn skapa saman NÝJA MIÐBORG. Ný skilyrði skapast t.d. fyrir öflugar og sjálfbærar almannasamgöngur, sem verða sjálfkrafa góður grunnur að hagkvæmum strætó eða svokallaðri BORGARLÍNU fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Hvergi er mögulegt að draga jafnhratt úr losun $CO_2$ og í NÝRRI MIÐBORG í Vatnsmýri. Þessi minnkun losunar er hrein aukaafurð af besta valkosti í borgarskipulagi og kostar minna en ekki neitt. Líklega gætu a.m.k. 25.000 fjölskyldur í og við NÝJA MIÐBORG á Nesinu vestan Elliðaáa sparað einn bíl hver fjölskylda.

Pendlun (akstur inn að morgni, út að kvöldi) er til komin vegna stjórnlausrar útþenslu byggðar af völdum flugvallar í Vatnsmýri og vegna mikils fjölda starfa umfram íbúa vestan til á Nesinu. Pendlun mun minnka því íbúar í NÝRRI MIÐBORG munu óhjákvæmilega taka yfir verulegan hluta þessara umframstarfa. Uppbygging í Vatnsmýri stöðvar stjórnlausa útþenslu borgarinnar í Kraganum, eykur framboð íbúða, stuðlar að lægri búsetukostnaði (húsnæði + akstur) og samgöngukostnaði. Akstursþörf dregst saman og kostnaður allra minnkar vegna aukinnar nándar heimila, vinnustaða, afþreyingar, þjónustu og menningar.

Kostnaður við almannasamgöngur, t.d svokallaða BORGARLÍNU, minnkar m.a. vegna þess að leiðirnar úr úthverfunum að útvíkkuðum jaðri NÝRRAR MIÐBORGAR styttast. Gatnakerfið milli úthverfa og miðborgar víkkar ekki jafn mikið og ella þyrfti ef ekki er byggt í Vatnsmýri. Gatnakerfið vestan Kringlumýrarbrautar rýmkar mjög við það að skipta út flugvelli fyrir NÝJA MIÐBORG um leið og bílum fækkar hlutfallslega; rými fyrir Strætó vex að sama skapi.

Mun meirihluti borgarstjórnar fórna 200 milljarða verðmæti Reykvíkinga og tækifærum og samlegðaráhrifum af NÝRRI MIÐBORG í Vatnsmýri fyrir sjálfsagt og réttmætt ríkisframlag til svokallaðrar BORGARLÍNU? Sé kostnaður t.d. 70 milljarðar kr. og framlag ríkisins 50% er hlutdeild Reykjavíkurborgar um 20 ma. og Kragans, sem fórnar engu, um 15 ma.

Reykjavíkurborg mun ekki ná markmiðinu um 40% minni losun $CO_2$ (miðað við 1990) fyrir 2030 nema með róttækri þéttingu byggðar í Vatnsmýri. Og ríkið verður af bestu leiðinni til að standa við skuldbindingar Íslendinga á þessu sviði. Þessi leið kostar minna en ekki neitt vegna þjóðhagslegrar arðsemi byggðar í Vatnsmýri. Að moka í staðinn ofan í skurði og rækta skóga kostar marga milljarða kr.

Tíminn er naumur og framtíðin óviss. Þetta veit m.a. unga fólkið, sem kemur saman vikulega á Austurvelli og í miklum fjölda annarra borga um allan heim til að mótmæla dáðleysi valdhafa.

*F.h. framkvæmdastjórnar Samtaka um betri byggð (BB).*





Sölvi Snær Guðbjargarson, sóknarmaður Stjörnunnar, er einn þeirra fjölmörgu ungu og efnilegu leikmanna sem hafa sprungið út í Pepsi Max-deildinni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Deildin full af vonarstjörnum

**Margir ungir og efnilegir knattspyrnumenn hafa komið fram á sjónarsviðið í Pepsi Max-deild karla í fótbolta í sumar. Einn þeirra náði þeim áfanga um helgina að verða fyrsti markaskorarinn fæddur 2002.**

**FÓTBOLTI** Nú er Pepsi Max-deild karla í knattspyrnu liðlega hálfnuð. Þekktar stærðir í deildinni raða sér efst á listann yfir markahæstu leikmenn deildarinnar.

Þar trónir Hilmar Árni Halldórsson, sóknartengiliður Stjörnunnar, á toppnum líkt og á svipuðum tíma síðasta sumar með sjö mörk og Ólafur Karl Finsen sem leitt hefur framlínu Vals, Elfar Árni Aðalsteinsson, framherji KA, Thomas Mikkelsen, sóknarmaður Breiðabliks, og Pálmi Rafn Pálmason, miðvallarleikmaður KR, koma svo næstir á þeim lista með fimm mörk hver.

Þá hafa leikmenn á borð við KR-inginn Óskar Örn Hauksson, Aron Bjarnason hjá Breiðabliki, Skagamanninn Tryggva Hrafn Haraldsson, Fylkismanninn Helga Val Daníelsson, KA-manninn Daníel Hafsteinsson og Víkinginn Sölva Geir Ottesen verið burðarásar í sínum liðum.

Þrenningin gæði, reynsla og hæfilegur skammtur af æskuljóma er alla jafna góð blanda ef góður árangur á að nást í hópíþrótt. Hjá mörgum liðum deildarinnar hafa ungir og efnilegir leikmenn látið til sín taka, fengið stór hlutverk og haft góð áhrif á spilamennsku liða sinna.

Fréttablaðið tók saman lista yfir þá ungu og efnilegu leikmenn sem skarað hafa fram úr af fjölmörgum ungstirnum sem leikið hafa í Pepsi Max-deildinni það sem af er sumri.

**Kolbeinn Þórðarson er á meðal markahæstu leikmanna deildarinnar.**

**KR-ingar hafa ekki ennþá beðið ósigur í leik þar sem hinn 18 ára gamli Finnur Tómas er í liðinu.**

**4**

**leikmannanna koma úr röðum Víkings.**

### Finnur Tómas Pálmason
**Fæddur:** 2001
**Félagslið:** KR

Finnur Tómas lék vel með KR-liðinu á undirbúningstímabilinu og stuðningsmenn KR voru spenntir fyrir því að sjá hann leika í miðri vörn KR-inga og hvort hann myndi standa í stykkinu þegar út í alvöruna væri komið. Hann meiddist þegar Íslandsmótið var að hefjast en kom svo inn í KR-liðið á móti HK í fjórðu umferð deildarinnar. Eftir það hefur KR ekki tapað leik. Finnur hefur vissulega gert mistök eins og ungra varnarmanna er von og vísa en hefur tekist á við þau á þroskaðan hátt.

### Atli Hrafn Andrason
**Fæddur:** 1999
**Félagslið:** Víkingur

Atli Hrafn er á sínu öðru keppnistímabili hjá Víkingi eftir að hafa komið til liðsins frá Fulham síðasta sumar. Atli Hrafn lék ágætlega síðasta sumar en hefur bætt sig í flestum þáttum leiksins á milli ára. Atli mætti kannski nýta færin sín betur en hann hefur verið iðinn við að koma sér sjálfur í færi sem og skapa færi fyrir samherja sína. Hann er kominn á blað í deildinni en mætti skora meira.

### Kolbeinn Þórðarson
**Fæddur:** 2000
**Félagslið:** Breiðablik

Kolbeinn er orðinn einn af fyrstu mönnum á blað hjá Ágústi Þór Gylfasyni þegar hann velur byrjunarlið Breiðabliks. Þessi öflugi miðvallarleikmaður lætur til sín taka á báðum endum vallarins og er farinn að leika eins og hann hafi áratugar reynslu í deildinni. Kolbeinn hefur skorað fjögur mörk í deildinni í sumar og er næst markahæsti leikmaður liðsins ásamt Aroni Bjarnasyni.

### Guðmundur Andri Tryggvason
**Fæddur:** 1999
**Félagslið:** Víkingur

Guðmundur Andri, sem ólst upp með Atla Hrafni í sigursælum árgangi hjá KR í yngri flokkunum, kom í Fossvoginn eftir að hafa fengið lítið sem ekkert að spreyta sig hjá norska liðinu Start. Hann hefur verið vaxandi í Víkingsbúningnum og skoraði ansi huggulegt mark í sigrinum gegn KA um helgina. Það var hans fyrsta deildarmark fyrir Víking. Guðmundur Andri klobbaði þá varnarmann KA snyrtilega og sneri boltanum laglega upp í samskeytin. Vonandi er þetta það sem koma skal hjá honum.

### Erlingur Agnarsson
**Fæddur:** 1998
**Félagslið:** Víkingur

Erlingur fór líkt og Víkingsliðið allt með himinskautum í fyrstu leikjum tímabilsins en í kjölfarið meiddist hann og það hægðist á stigasöfnun Fossvogsliðsins. Hann hefur komið sterkur til baka í síðustu tveimur leikjum sem hafa báðir unnist og eru fyrstu sigurleikir Víkings í deildinni í sumar. Erlingur skoraði glæsileg mörk í báðum leikjunum og hann er miðpunktur í flestum sóknaraðgerðum Víkingsliðsins.

### Valgeir Valgeirsson
**Fæddur:** 2002
**Félagslið:** HK

Valgeir fékk smjörþefinn af meistaraflokksfótbolta í efstu deild strax í upphafi tímabilsins og það sást strax að töluvert er í hann spunnið. Hann varð svo fyrsti leikmaðurinn sem er fæddur árið 2002 til þess að skora í efstu deild þegar hann innsiglaði mikilvægan sigur HK gegn ÍA um nýliðna helgi. Þessi 16 ára gamli leikmaður er ekki digur en hann er gríðarlega fljótur og fer vel með boltann á mikilli ferð. Þá getur hann sömuleiðis klárað færin sín vel þegar sá gállinn er á honum.

### Bjarki Steinn Bjarkason
**Fæddur:** 2000
**Félagslið:** ÍA

Bjarki Steinn var einn mest ógnandi leikmaður Skagaliðsins í góðri byrjun liðsins í deildinni í sumar. Bjarki Steinn hentar vel fyrir beinskeyttan leikstíl Skagamanna en hraði hans og áræði hefur verið lykillinn að þó nokkrum söknum og mörkum ÍA. Mosfellingurinn hefur bætt sig mikið undir stjórn Jóhannesar Karls Guðjónssonar og Sigurðar Jónssonar og er orðinn mikilvægur leikmaður í liðinu. Hann hefur skorað tvö deildarmörk fyrir Skagaliðið.

### Sölvi Snær Guðbjargarson
**Fæddur:** 2001
**Félagslið:** Stjarnan

Sölvi Snær var rulluspilari hjá Stjörnunni í fyrra og skoraði nokkur mikilvæg mörk fyrir liðið, til að mynda á leið þess að bikarmeistaratitlinum. Hann hefur svo brotið sér leið inn í byrjunarliðið með góðri frammistöðu sinni í sumar og skoraði sitt fyrsta deildarmark á yfirstandandi leiktíð í stórsigri Stjörnunnar gegn Fylki í síðustu umferð deildarinnar. Líklegt er að Sölvi Snær sé búinn að eigna sér vængstöðuna hjá Garðabæjarliðinu til frambúðar.

### Valdimar Þór Ingimundarson
**Fæddur:** 1999
**Félagslið:** Fylkir

Vitað hefur verið af hæfileikum Valdimars Þórs í þó nokkurn tíma en skort hefur á hjá honum líkt og hjá Fylkisliðinu öllu raunar að sýna stöðugleika í spilamennsku sinni. Valdimar sýndi það hins vegar til að mynda í leiknum gegn Breiðabliki á dögunum hvað hann hefur til brunns að bera. Hann getur ógnað sjálfur með hlaupum sínum og hefur þar að auki gott auga fyrir spili. Þá hefur hann lagt þrjú mörk í púkkið hjá Fylkisliðinu í deildinni í sumar.

### Sigurjón Rúnarsson
**Fæddur:** 2000
**Félagslið:** Grindavík

Sigurjón hefur eignað sér hægri bakvarðarstöðuna hjá Grindavík og er hluti af ógnarsterkri vörn liðsins. Grindavík hefur einungis fengið á sig níu mörk í jafn mörgum leikjum í deildinni í sumar og það er ekki síst góðri frammistöðu Sigurjóns að þakka. Hann hefur fengið verðskuldaða athygli fyrir frammistöðu sína og verið hluti af þeim hópum sem Arnar Þór Viðarsson og Eiður Smári Guðjohnsen hafa valið í U-21 árs landslið Íslands undanfarið.

### Ágúst Eðvald Hlynsson
**Fæddur:** 2000
**Félagslið:** Víkingur

Norðanmaðurinn er síðasta púslið í sóknarkvartettinum hjá Víkingi. Eftir dvöl sína hjá danska liðinu Brøndby fékk Arnar Bergmann Gunnlaugsson, þjálfari Víkings, hann heim og fékk honum stórt hlutverk í léttleikandi og skemmtilegum sóknarleik liðsins. Ágúst Eðvald er bæði kröftugur og tæknilega góður og hefur skorað tvö mörk fyrir Víking í deildinni á leiktíðinni. Haldi hann áfram á sömu braut mun hann líklega fara aftur út í atvinnumennsku.

# San Siro verður jafnaður við jörðu

**FÓTBOLTI** Hinn sögufrægi knattspyrnuleikvangur San Siro sem hýst hefur stórliðin Mílanóborg verður rifinn á næsta ári. San Siro var byggður árið 1926 og hefur verið heimavöllur AC Milan frá upphafi og Internazionale Milano hóf að leika heimaleiki sína þar 21 ári síðar.

Internazionale spilaði á leikvangi sem var kallaður Arena Civica og stóð í miðri Mílanóborg þar til liðið hóf að samnýta San Siro með hinu Mílanóliðinu.

Raunar kalla stuðningsmenn Internazionale völlinn Giuseppe Meazza-leikvanginn eftir goðsögn sem lék með félaginu og stuttlega með AC Milan líka frá 1927-1942.

Það voru Paolo Scaroni, forseti AC Milan, og Alessandro Antonello, stjórnarformaður Internazionale, sem staðfestu þessi tíðindi í sameiginlegri yfirlýsingu erkifjendanna í gær.

Hafist verður handa við að byggja nýjan leikvang fyrir AC Milan og Internazionale á næstunni en liðin munu leika á San Siro þar til sá leikvangur verður tilbúinn. San Siro, sem tekur 80.018 manns í sæti, er stærsti leikvangur Ítalíu og einn sögufrægasti völlur í Evrópu og í heiminum öllum ef því er að skipta.

Ítalska karlalandsliðið leikur reglulega heimaleiki sína á San Siro og leikið var á leikvanginum þegar Ítalir héldu Evrópumótið í knattspyrnu karla 1968 og 1980 og heimsmeistaramótið árið 1990. **– hó**



San Siro, sem einnig gengur undir nafninu Giuseppe Meazza og hýst hefur AC Milan og Internazionale, verður rifinn á næstunni. NORDICPHOTOS/GETTY

**93**

Ár eru síðan San Siro var byggður í úthverfi Milanó.

# Arteta og Monk líklegastir til að taka við

**FÓTBOLTI** Newcastle United tilkynnti í gær að ekki hefðu náðst samningar milli eiganda félagsins og Rafael Benitez, knattspyrnustjóra félagsins. Spánverjinn mun því láta af störfum 30. júní næstkomandi og Mike Ashley, eigandi félagsins, þarf því að finna annan aðila til þess að stýra skútunni á St. James' Park.

Þetta hefur legið í loftinu í töluverðan tíma því að samband Benitez og Ashleys hefur ekki verið upp á marga fiska síðustu misseri en Benitez hefur haldið um stjórnartaumana hjá liðinu síðan í mars árið 2016. Undir hans stjórn féll liðið úr ensku úrvalsdeildinni vorið 2016 en fór strax upp í efstu deild á nýjan leik vorið þar á eftir og hefur haldið sæti sínu í deildinni síðan.

Benitez hefur hins vegar kallað eftir auknu fjármagni í leikmannakaup og breyttri stefnu í kaupum á leikmönnum sem gætu orðið til þess að liðið geti gert sig gildandi í baráttu um Evrópusæti í stað þess að vera í baráttu um að forðast fall úr deild þeirra bestu. Newcastle United hefur siglt lygnan sjó undir stjórn Benitez síðustu tvær leiktíðir en hann hefur verið orðaður við stjórastarf í kínversku ofurdeildinni undanfarið.

Ashley hefur verið með Newcastle United í söluferli í þó nokkurn tíma en rætt hefur verið um að fjárfestingarfélag í eigu olíufurstans Sheikh Khaled bin Zayed Al Nahyan frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum hafi áhuga á að kaupa félagið.

Enskir fjölmiðlar telja að Garry Monk, sem lét óvænt af störfum hjá Birmingham City á dögunum og og Mikel Arteta, aðstoðarmaður Peps Guardiola hjá Manchester City, séu líklegastir til þess að taka við stjórastarfinu af Benitez hjá Newcastle United. Þá hefur Avram Grant, fyrrverandi knattspyrnustjóri Chelsea, einnig verið nefndur til sögunnar í þeim efnum. **– hó**



**Mikel Arteta gæti tekið við keflinu af Rafael Benitez hjá Newcastle.**








FORD FIESTA
Á SUMARTILBOÐI

Einkenni Ford Fiesta eru ríkulegur staðalbúnaður, frábærir aksturseiginleikar, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður.

RÍKULEGUR STAÐALBÚNAÐUR

- Ökumannspakki 2 sem innifelur: Umferðaskiltalesara, ökumannsvaka, birtuskynjara fyrir aðalljós, hraðatakmarkara og 4,2 TFT litaskjá
- Upphitanleg framrúða
- Hljómtækjapakki sem innifelur: 8" snertiskjá, 7 hátalara, SYNC III raddstýrt samskiptakerfi með neyðarhringingu
- Bluetooth símabúnaður
- Apple CarPlay, Android Auto
- Ford MyKey
- Akstursölva
- 16" álfelgur
- LED dagljós að framan
- Nálægðarskynjari að aftan og rafdrifin aðfelling útispegla
- Brekkuaðstoð
- Easy Fuel eldsneytisáfyllingarkerfi án bensínloks
- Vindskeið að aftan




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
Opið laugardaga kl. 12-16

Ford
ford.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

**Sigurlínar Margrétar Gunnarsdóttur**
hjúkrunarfræðings.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á deild 2C á hjúkrunarheimilinu Sóltúni.

**Guðrún Gunnarsdóttir og fjölskylda.**



Ástkær móðir okkar, amma, langamma og langalangamma,

**Hallveig Ólafsdóttir**
(Halla)
Skriðustekk 17, Reykjavík,

lést á heimili sínu laugardaginn 15. júní sl. Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 28. júní kl. 15.

**Einar Sigurþórsson — Edda Runólfsdóttir**
**Kristín Sigurþórsdóttir — Pétur Einarsson**
**Sigríður Sigurþórsdóttir — Eyjólfur S. Ágústsson**
**Sólveig Sigurþórsdóttir — Eggert E. Jónsson**
**Birgir Sigurþórsson — Elva B. Garðarsdóttir**
**Þór Sigurþórsson — Berglind S. Jónasdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurlaug Ágústa Guðlaugsdóttir**

lést mánudaginn 17. júní á gjörgæsludeild Landspítalans. Útför hennar verður gerð frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 27. júní kl. 13.

**Aðalsteinn Aðalsteinsson**
**Guðlaugur Aðalsteinsson — Hjördís Jónsdóttir**
**Andri S. Aðalsteinsson — Eyrún Pálsdóttir**
**Eyjólfur S. Aðalsteinsson — Vigdís G. Ingimundardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Klettaskóli, Suðurhlíð 9**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



*Nærgætni, hlýja og virðing — Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441


# Lagði áherslu á vináttuna

**Áttatíu nemendur voru brautskráðir frá Háskólanum á Bifröst 22. júní. Einn þeirra er Hvergerðingurinn Thelma Rós Kristinsdóttir og hún hélt ræðu við athöfnina.**

Hátíðarbragur var á útskriftarathöfn Háskólans á Bifröst í Borgarfirði sem fram fór síðasta laugardag og bjart yfir öllu. Karlakórinn Söngbræður setti svip á athöfnina, með undirleik Birgis Þórissonar. Vilhjálmur Egilsson rektor sagði í ræðu sinni meðal annars að skólinn væri nemendadrifinn og persónulegur. „Við lítum á nemendur okkar sem einstaklinga en ekki kennitölur," sagði hann og bætti við að á hverju ári væri boðið upp á nýjungar í námsframboði, sumar féllu í kramið, aðrar ekki.

Ýmsar tilfinningar hafa ugglaust bærst meðal nemendanna sem lifað hafa saman súrt og sætt um hríð og héldu svo hver í sína áttina. Það lagði Thelma Rós Kristinsdóttir úr Hveragerði að minnsta kosti áherslu á í ræðu sem hún hélt fyrir hönd þeirra sem útskrifuðust úr háskólagáttinni, brú milli framhalds- og háskólanáms. „Ég lagði áherslu á vináttuna sem skapaðist milli fólks í skólanum, hún er eitthvað sem maður tekur með sér út í lífið en ekki bara stærðfræðiformúlur eða annar fróðleikur," segir hún þegar slegið er á þráðinn til hennar.



Vilhjálmur Egilsson, rektor háskólans á Bifröst, og Thelma Rós. MYND/JAMES BECKER

Thelma Rós kveðst hafa farið á námskynningu á Bifröst í fyrrasumar til að kynna sér háskólagáttina og algerlega heillast af staðnum. „Það var svo vel tekið á móti manni að það var ekki hægt annað en skrá sig," segir hún og heldur áfram. „Það er óhætt að mæla með þessu námi þó maður telji sig ekki hafa mikið í það, á staðnum er allt til alls, allir tilbúnir að hjálpa, hvort sem það eru kennarar eða samnemendur, ef nemandinn sýnir vilja til að komast í gegn. Ég þekki það sjálf, ég átti við mikla námsörðugleika að stríða sem barn, er illa lesblind og kann enn minna í stærðfræði en þarna fékk ég utanumhaldið sem mig vantaði til að ná mínum markmiðum." Eins og vænta má er Thelma Rós þegar búin að skrá sig í nám næsta vetur á Bifröst, nú í opinberum stjórnsýslufræðum.

**gun@frettabladid.is**



Ástkær móðir okkar, amma og langamma,

**Sigrún Sigurðardóttir**
frá Möðruvöllum í Hörgárdal,

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík 17. júní. Útför fer fram frá Grensáskirkju í dag, þriðjudaginn 25. júní, kl. 13.00

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurður Sigfússon**
**Ólafur Bragi Bragason**
**barnabörn og langömmubörn.**



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi okkar og langafi,

**Guðmundur Kristinsson**
fv. veitingamaður á Café Tröð, Drafnarstíg 2a, Reykjavík,

lést 27. maí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey

**Helga G. Guðmundsdóttir — Þórir Ólafsson**
**Harpa B. Brynjarsdóttir — Sigurjón Guðmundsson**
**Guðmundur Þ. Þórisson — Guðrún Júlíönudóttir**
**Kristel B. Þórisdóttir — Hörður Hálfdánarson**
**og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurjón Rósants Stefánsson**
bílstjóri,
Strikinu 12, Garðabæ,

lést fimmtudaginn 20. júní. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 28. júní klukkan 13.00.

**Margrét Björgvinsdóttir**
**Kristín Dóra Sigurjónsdóttir — Pétur Óskarsson**
**Guðný Sigurjónsdóttir — Ívar Pálsson**
**Kolbrún Sigurjónsdóttir — Sigurður Þór Sæmundsson**
**Valgeir Sigurjónsson**
**barnabörn og langafabarn.**



Elsku systir mín og frænka okkar,

**Erla Kristjánsdóttir**

lést 1. júní á HVE, Akranesi. Jarðarför fer fram frá Fossvogskirkju 25. júní kl. 15.

**Sólrún Kristjánsdóttir**
**Andrea Jónsdóttir, Vilborg Remmert**
**Kristján Jónsson, Margret Jónsdóttir Araqye**
**Unnar Jónsson, Guðjón Jónsson**
**og fjölskyldur.**



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

**Guðlaug G. Jónsdóttir**
áður til heimilis að Sléttuvegi 19,

lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 5. júní. Útför fer fram fimmtudaginn 27. júní kl. 13.00 frá Áskirkju.

**Kolbrún Finnsdóttir — Snorri Ingimarsson**
**Erna Finnsdóttir**
**Jón H. Finnsson**
**Hrönn Finnsdóttir — Þráinn Sigurðsson**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

# Fólk
Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 25. JÚNÍ 2019




Arnþór er hér fyrir utan Von, hús SÁÁ, þar sem er meðal annars veitt sálfræðimeðferð fyrir börn. MYND/HLÍN ARNÞÓRSDÓTTIR

# Kynjaaðskilnaður í nýrri meðferðarstöð

Á síðasta ári opnaði SÁÁ nýja 4.000 fermetra eftirmeðferðarstöð á Vík á Kjalarnesi. Þar er allur aðbúnaður fyrsta flokks og alger aðskilnaður kynja, bæði inni og úti. Þannig verður eftirmeðferðin árangursríkari fyrir alla. ➜2

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



**Framhald af forsíðu ➪**




Sólrún
Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is


Síðustu verkhlutar klárast með lokaúttekt byggingarfulltrúa í sumar og þá verður framkvæmdum formlega lokið að sögn Arnþórs Jónssonar, formanns SÁÁ. „Konur eru út af fyrir sig í einu húsi og karlar í öðru, enda er það krafa dagsins í dag.“ Í mars á síðasta ári var gömlu eftirmeðferðarstöðinni fyrir karla á Staðarfelli lokað en hún hafði verið í notkun frá árinu 1980.

## Krafa um kynjaaðskilnað

„Aðstaðan á Staðarfelli var ágæt á þeim tíma sem eftirmeðferðin hófst þar en húsið er orðið gamalt og stenst ekki nútímakröfur um aðbúnað fyrir heilbrigðisþjónustu. Það var mikið átak og stórt framfaraskref fyrir okkar sjúklingahóp, sem og starfsfólkið að fá nýja og góða aðstöðu á Vík. Á meðferðarstöðinni á Vík eru allir sjúklingar með sérherbergi og margir jafnvel með sérbaðherbergi.“

SÁÁ rekur búsetuúrræðið Vin í samstarfi við Reykjavíkurborg og velferðarráðuneytið. Úrræðið er fyrir heimilislausa karlmenn sem eiga við alvarlegan fíknisjúkdóm að stríða, sprauta vímuefnum í æð og hafa endurtekið farið í vímuefnameðferð en geta endurhæfst. Arnþór segir að SÁÁ vilji eindregið sinna konum í sömu stöðu og telur mikla þörf á því. Konur þurfa meiri þjónustu og betri meðferð en er í boði í dag. SÁÁ stefnir á að opna fljótlega sambærilegt úrræði og Vin fyrir konur.

Hugmyndir um aðskilnað kynjanna á meðferðarstofnunum voru ekki komnar fram á þeim tíma sem SÁÁ var stofnað. Því var ekki gert ráð fyrir kynjaaðskilnaði á sjúkrahúsinu Vogi þegar það var byggt á árunum 1982-3. „Vogur er barn síns tíma. Við höfum gengið eins langt og hægt er í kynjaaðskilnaði miðað við hvernig byggingin er upphaflega hönnuð. Í dag eru konur á sér svefngangi og með eigin bað- og snyrtiaðstöðu. Einnig er sérstök ungmennadeild á lokuðum gangi með sólarhringsvakt fyrir 21 árs og yngri.“



Arnþór segir að SÁÁ vilji opna búsetuúrræði fyrir heimilislausar konur sem eiga við alvarlegan fíknsjúkdóm að stríða. Í dag er bara til slíkt úrræði fyrir karlmenn. MYND/SPESSI



Að sögn Arnþórs er ekki hægt að ganga lengra í aðskilnaði kynjanna á Vogi. Sú hugmynd hefur komið upp að byggja nýtt sjúkrahús á 50 ára afmæli SÁÁ.

## Þörf á nýju sjúkrahúsi

Vogur var byggður á upphafsárum SÁÁ í miklu þjóðarátaki. Þá hafði afeitrunarstöðin verið sex ár samfleytt á Silungapolli. „Þegar SÁÁ flutti á Silungapoll árið 1978 hafði það húsnæði þegar verið dæmt ónýtt og til niðurrifs. Breytingin sem varð á öllum aðbúnaði og aðstöðu þegar við fluttum á sjúkrahúsið á Vogi var bylting. Það verður seint hægt að toppa það.“

Þótt sjúkrahúsið Vogur hafi reynst vel síðustu áratugi, byggingin sé björt og falleg og hafi þjónað sínu hlutverki vel, er komið að ákveðnum tímamótum. Að sögn Arnþórs er ekki hægt að ganga lengra í aðskilnaði kynjanna en þegar hefur verið gert á Vogi. Sú hugmynd hefur komið upp að á næstu árum verði byggt nýtt sjúkrahús sem standist betur þær kröfur sem gerðar eru í dag. „Við þurfum að reisa nýtt sjúkrahús sem uppfyllir allar þessar nútímakröfulýsingar um aðbúnað og umgjörð þjónustunnar. Við gætum stefnt að því að opna glæsilegt nýtt sjúkrahús árið 2027, á 50 ára afmæli samtakanna.“

## Fjarheilbrigðisþjónusta tekin í notkun

Það er ýmislegt fleira í deiglunni hjá SÁÁ. „Við erum að þróa og taka í notkun fjarheilbrigðisþjónustu sem opnar aðgang að göngudeildarþjónustu fyrir alla landsmenn. Með slíkri þjónustu sparast tími og kostnaður sem annars myndi fara í ferðalög. Þjónustan gæti nýst einstaklingum sem ekki eiga heimangengt og jafnvel skólafólki og föngum. Aðgengið að þjónustu fyrir fólk með vímuefnavanda er lykilatriði. Ef þú hefur þróað með þér einhvers konar vímuefnavanda er ekki eftir neinu að bíða. Maður verður að drífa sig í meðferð sem fyrst.“

## Ekki kvefpest sem gengur yfir

Það er þó því miður sjaldnast þannig að einstaklingar með vímuefnavanda komist í meðferð sama dag og þeir ákveða að leita sér aðstoðar. Biðlistar inn á sjúkrahúsið Vog eru langir. Ástæðan er fyrst og fremst sú að fólki hefur fjölgað en afköstin á Vogi eru óbreytt. „Þetta er alvarlegt ástand sem erfitt er að eiga við. Okkur vantar betri þjónustusamninga til að geta afkastað meiru, enda er vímuefnavandinn ekki einhver kvefpest sem gengur yfir og verður farin um áramótin. Þessi vandi tilheyrir samfélaginu sem við búum í og við þurfum að horfast í augu við það.“

## 25.000 einstaklingar hafa komið í meðferð til SÁÁ

Arnþór segir að stjórnsýslan og ríkisstjórnin sé betur upplýst um vímuefnavandann í samfélaginu heldur en áður fyrr. SÁÁ hefur notið velvilja stjórnvalda og almennings frá upphafi þótt þjónustan hafi ekki verið greidd að fullu af hálfu hins opinbera. „Samtökin eru fjölmenn og almenningur og fyrirtæki hafa greitt það sem upp á vantar. Um 25.000 einstaklingar hafa komið í meðferð til SÁÁ og í kringum þessa einstaklinga eru ástvinir og aðstandendur; foreldrar, afar og ömmur, synir og dætur. Það er okkar bakland.“

Þekkingin á þessum heilbrigðisvanda hefur aukist hratt, sérstaklega á síðustu 15-20 árum að sögn Arnþórs. Það má þó ekki gleyma því að vímuefnavandinn takmarkast ekki við það líffræðilega.

„Félagslegar aðstæður fólks eru misjafnar. Sumir fæðast inn í góðar aðstæður meðan aðrir eru ekki eins heppnir. Ef þú veikist þarftu félagslegan stuðning. Þess vegna eru batahorfur þeirra sem greinast með fíknsjúkdóm minni ef félagslegar aðstæður eru slæmar. Skólakerfið þarf að skima fyrir þessu strax hjá börnum og ungmennum. Oft er vandinn nokkuð augljós og blasir við ef maður veit hvert á að horfa.“

## Mikilvægt að hlúa að börnunum

Frá árinu 2007 hefur SÁÁ boðið upp á sálfræðimeðferð fyrir börn sem eru aðstandendur einstaklinga sem eiga við vímuefnavanda að stríða. „Þetta er sértæk forvörn, nútímaleg og framúrskarandi þjónusta. Á bilinu 1.200-1.300 börn hafa fengið þessa þjónustu en biðlistinn er alltof langur. Það er áfall fyrir barn að vera fast inni í aðstæðum þar sem verið er að nota áfengi eða önnur vímuefni. Barn sem sér uppalendur sína breytast og fara í annarlegt ástand upplifir ótta, kvíða og öryggisleysi.“ Arnþór vill auka sálfræðiþjónustuna og telur að fjarheilbrigðisþjónustan gæti komið að góðum notum fyrir börn úti á landsbyggðinni. „Við erum búin að þróa sérstakan hugbúnað fyrir börn þar sem þau svara spurningum og vinna verkefni í gegnum tölvu undir handleiðslu sálfræðings.“

„Við búum í samfélagi þar sem áfengisneysla og önnur vímuefnaneysla er talin sjálfsögð og eðlileg. Við þurfum að horfast í augu við að ákveðið hlutfall þeirra sem nota áfengi eða önnur vímuefni verður veikt og þarfnast aðstoðar. Það höfum við líka gert. Við getum þó gert enn betur og hljótum að stefna að því saman. Ábyrgðin er sameiginleg og verkefnin krefjandi.“


NUTRILENK
öflugur liðstyrkur





AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr100% evrópskum íhlutum og efnum
AKU
Aukin mýkt við ökkla
GoreTex filma, 100% vatnsvörn
2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi
Dempun
IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann
AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur
Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi
Reimalæsing, hægt að vera með sitthvora stillinguna yfir rist, eða um ökkla
Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum
2,6mm ekta ítalskt Nubuck leður
Custom fit innlegg
Vibram sóli
kvenna/herra
AKU SUPERALP GTX 39.990 kr. STÆRÐIR 35-48
Til að velja rétta gönguskó er nauðsynlegt að bera saman allar helstu gerðir.
Best er að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka upplýsta ákvörðun.
Hafðu AKU með í valinu
Léttir gönguskór / herra/kvenna
AKU TRIBUTE GTX
24.990 kr.
Borgarskór / kvenna
AKU RIVA HIGH GTX
26.990 kr.
Léttir borgarskór / herra
AKU BELLAMONT II MID PLUS
26.990 kr.
fáanlegir í 2 litum
Gönguskór með góðan stuðning kvenna/herra
AKU ALTERRA GTX
31.990 kr.
fáanlegir í 2 litum
Borgarskór / herra
AKU LEDRO FG MID GTX
26.990 kr.
Lágir gönguskór borgarskór / kvenna
AKU BELLAMONT GAIA GTX
23.990 kr.
fáanlegir í 3 litum
NÝTT
NÝTT
Léttir göngu-/ hlaupaskór / herra
AKU SELVATICA GTX
24.990 kr.
Léttir göngu-/ hlaupaskór / kvenna
AKU SELVATICA GTX
24.990 kr.
Lágir gönguskór/borgarskór / herra
AKU CLIMATICA GTX
26.990 kr.
Lágir gönguskór/borgarskór / kvenna
AKU CLIMATICA SUEDE GTX
24.990 kr.
Fjölhæfir gönguskór herra/kvenna
AKU TENGU LOW GTX
27.990 kr.
Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is
GG•sport
BYKO
„Finndu okkur á Facebook"

# Sætt án sykurs

Eitt það besta sem hægt er að gera til að bæta mataræðið er að minnka sykurneyslu. Mörgum þykir það þó ekki spennandi að sleppa sykri alveg. Það eru til ýmis ráð til að gera matinn sætan án þess að nota sykur, eða í það minnsta minnka sykurmagnið í fæðunni.



Hægt er að nota döðlur í bakstur í stað súkkulaðis. Döðlur gefa mjög sætt bragð en innihalda ekki nema helming hitaeininganna sem súkkulaðið inniheldur. Þær innihalda ávaxtasykur en ekki hvítan sykur. Ávaxtasykurinn hækkar insúlínmagnið í blóðinu mun minna en venjulegur hvítur sykur og er því betri kostur.

Eplamauk getur verið góður kostur í bakstur. Eplin eru sæt en innihalda mikið af trefjum sem hafa margvísleg heilsubætandi áhrif. Annar kostur við eplamauk er sá að hægt er að nota það í stað eggja í ýmsum uppskriftum. Einnig er hægt að nota annað ávaxtamauk eins og til dæmis banana sem innihalda mikið af steinefnum og vítamínum.

Stevía inniheldur engar kaloríur og hentar vel sem staðgengill hvíts sykurs. Stevía er 100% náttúrulegt sætuefni unnið úr stevíuplöntunni. Rannsóknir hafa sýnt að stevioside, eitt innihaldsefna stevíuplöntunnar, geti lækkað blóðþrýsting. Stevíu er hægt að kaupa í vökvaformi en líka í duftformi sem líkist mjög hvítum sykri. Stevían er mun sætari en hvítur sykur og þarf því ekki að nota nema mjög lítið af henni.

EINFÖLDUM HLUTINA

VANTAR ÞIG AÐSTOÐ VIÐ REKSTUR?

- Þarf að snúa rekstri við?
- Þarftu að losa lager og verðmæti?
- Viltu selja reksturinn?
- Er fyrirtækið á leið í þrot?
- Þarftu að finna leiðir til að loka?

YFIRTÖKUM EIGNIR / KAUPUM:

- Ökutæki
- Lóðir/Eignir
- Lager fyrirtækja
- Fyrirtæki sem eru að fara í þrot eða eru til sölu

OKKAR NÁLGUN

- Erum lausnamiðaðir
- Staðgreiðum verðmæti
- Kaupum allar eignir
- Fyllsta trúnaðar er gætt
- Skjót ákvarðanataka

M MÁLALAUSNIR
malalausnir@malalausnir.is

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook





Keppendur fá 72 klukkutíma til að hjóla í kringum landið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# WOW Cyclothon fer af stað í dag

## Hjólreiðakeppnin WOW Cyclothon hefst í dag í sjöunda skiptið.



Ásta Eir Árnadóttir
astaeir@frettabladid.is

WOW Cyclothon er stærsta götuhjólreiðakeppni Íslands, en hjólað er hringinn í kringum landið. Farnir eru 1.358 kílómetrar sem liðsfélagar skipta á milli sín í boðsveitarformi. Það er einnig keppt í einstaklingsflokki en þar hjólar einn keppandi alla kílómetrana. Keppendur hafa 72 klukkustundir til að ljúka hringnum og koma sér í mark.

Keppnislið safna áheitum og í ár er hjólað til styrktar sumarbúðunum í Reykjadal. Sumarbúðirnar eru ætlaðar fyrir börn og ungmenni með líkamlegar og andlegar fatlanir, en þær eru reknar af Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra.

Lið eru ekki einungis að keppa í hver verður fyrstur í mark heldur er einnig keppt um það hver nær að safna sem flestum áheitum. Áætlað er að styrkurinn sem kemur úr áheitasöfnun WOW Cyclothon í ár muni verða mikil lyftistöng fyrir uppbygginguna í Reykjadal. Ágóði söfnunarinnar verður að öllum líkindum nýttur í mikla og þarfa viðbyggingu við sumarbúðirnar sem mun bæta aðstöðuna og aðgengi til muna. Áheitasöfnunin er nú þegar hafin.

Rúmlega 570 keppendur hafa skráð sig til þátttöku að þessu sinni. Alls eru þrír keppendur í einstaklingskeppninni í ár. Níu lið eru skráð í A flokki svokölluðum þar sem fjórir einstaklingar eru í hverju liði og 47 lið í B flokki, en í þeim flokki eru alls tíu menn í hverju liði.





Farið verður af stað frá Egilshöllinni í kvöld kl. 19.00. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Ágóði af söfnuninni verður að öllum líkindum nýttur í mikla og þarfa viðbyggingu við sumarbúðirnar sem mun bæta aðstöðu og aðgengi til muna.**

Þá eru um 60 þátttakendur skráðir í Hjólakraftsflokki, sem eru sérstök hjólasamtök ætluð ungu fólki til valdeflingar. Einstaklingar og Hjólakraftur leggja af stað frá Egilshöll í kvöld kl. 19.00 en liðin í A og B flokki munu leggja af stað á morgun, 26. júní. A flokkur leggur af stað frá Egilshöll kl. 18.00 og B flokkur kl. 19.00. Sigurvegarar verða verðlaunaðir í lokahófi laugardaginn 29. júní.

# Íslenskt – gjörið svo vel

ÞRIÐJUDAGUR 25. JÚNÍ 2019

**Kynningar:** Múlalundur, Lífland, Fanntófell, Hilma handverk og hönnun



**Sumarsólstöður við Drangaskörð á Ströndum, séð frá Munaðarnesi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Íþyngjandi reglur bitna helst á litlum fyrirtækjum

**Viðskiptaráð hvetur stjórnvöld til að setja kraft í einföldun regluverks. Harðorður pistill birtist í vikunni á heimasíðu ráðsins en í honum sést að Ísland er eftirbátur annarra landa.**

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Viðskiptaráð Íslands birti í vikunni pistil sem kallast Regluverk á Íslandi er of íþyngjandi. Þar segir meðal annars að víða sé pottur brotinn í laga- og regluverksumgjörð hér á landi þrátt fyrir að stór hluti þess sé sambærilegur við það sem tíðkast í nágrannalöndunum.

Segir enn fremur að loforð ríkisstjórnarinnar um einfaldara og skilvirkara regluverk hafi verið brotið. „Fögrum fyrirheitum stjórnvalda hefur þó ekki verið fylgt eftir og markvissar aðgerðir í þágu einföldunar regluverks hafa setið á hakanum," segir í pistlinum.

Í pistlinum er bent á að of íþyngjandi reglur leiði til mikils kostnaðar fyrir fyrirtæki, sem hamli samkeppni og skapi aðgangshindranir. Hindranir við markaðssetningu nýrra vara sem hamli þar af leiðandi nýsköpun í atvinnulífinu og virkni markaða. Slíkt sé skaðlegt samkeppnishæfni atvinnulífsins í heild.

Einnig er bent á að kostnaður fyrirtækja við að fylgja reglum bitni helst á smærri fyrirtækjum. Lítil og meðalstór fyrirtæki búa yfir minni fjárhagslegum styrk og sérfræðiþekkingu til að ráða fram úr þungu og flóknu regluverki. Þá er bent á að reglugerðum var að jafnaði breytt nánast daglega síðustu tíu ár, samanborið við breytingu þriðja hvern dag áratuginn þar á undan.

Skortur á aðgengi er einnig nefnt til sögunar, og einnig eru vísbendingar um að íslenskt regluverk sé ekki skilvirkt í alþjóðlegu samhengi. Í árlegri úttekt IMD viðskiptaháskólans á samkeppnishæfni er meðal annars kannað mat stjórnenda á lykilþáttum regluverks. Þar kemur Ísland iðulega verr út en hin Norðurlöndin.

Í Vísitölu regluverks í þjónustu, sem OECD hefur tekið saman, kemur Ísland ekki heldur vel út.



Ísland er í 1. sæti yfir mest íþyngjandi regluverkið í sjö atvinnugreinum meðal annars kvikmyndagerð, byggingariðnaði, tölvuþjónustu og flutningum til neytenda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ef litið er til útkomu í einstökum atvinnugreinum er Ísland í 1. sæti yfir mest íþyngjandi regluverkið í sjö atvinnugreinum: Kvikmyndagerð, hljóðupptöku, byggingariðnaði, tölvuþjónustu, frakt, flutningum til neytenda og vörugeymslu. Skorar Viðskiptaráð á stjórnvöld að kortleggja hvað veldur og gera úrbætur.

Ekki er aðeins bent á það sem betur mætti fara heldur komið með góð ráð. „Stærsta tækifærið til úrbóta felst í að vinda ofan af þeirri hvimleiðu hefð að innleiða EES-regluverk með meira íþyngjandi hætti en nauðsynlegt er. Þá ætti að forðast að innleiða séríslensk ákvæði sem leggja meira íþyngjandi skyldur á íslensk fyrirtæki heldur en fyrirtæki í nágrannalöndunum búa við," segir meðal annars.

Hinn svokallaði „hnappur" í lögum um ársreikninga er síðan tekinn fyrir. Hnappurinn gefur þeim fyrirtækjum sem falla undir skilgreiningu örfélaga kost á að skila gögnum til Ríkisskattstjóra með einföldum hætti. Bent er á að þegar hann var innleiddur var ákveðið að miða við að íslensk örfyrirtæki séu með þrjá starfsmenn eða færri, en í flestum öðrum ríkjum er miðað við 10 starfsmenn eða færri. Þannig hafi löggjafinn búið til séríslensk viðmið þrátt fyrir að á Íslandi er jafn flókið að reka 10 manna fyrirtæki annars staðar á EES-svæðinu. Ekki er að finna haldbæra skýringu á þessum séríslensku örmörkum í greinargerð með frumvarpi laganna."














ÍSLENSKT
*gjörið svo vel*







# Íslensk húsgögn

AGUSTAV
AXIS
Á. GUÐMUNDSSON
STOFNAÐ 1956
GÁ 1975 HÚSGÖGN
RANDOM ARK
SYRUSSON Hönnunarhús

Vegur íslenskrar húsgagna-framleiðslu hefur vaxið að undanförnu, enda einkennist hönnun húsgagnanna af listfengi og framsækni og smíði þeirra af fagmennsku. Þegar ný hönnun og gott handverk fara saman tekst að skapa verðmæti. Við erum stolt af því sem er hannað og framleitt hér á landi.

25 ára 1994 2019
SI Samtök iðnaðarins

# Þang og silki með íslenskri ull

Frumkvöðullinn Hilma Eiðsdóttir Bakken er með meistaragráðu í líftækni. Hún hannar sitt eigið fágæta band og gullfallegar ullarflíkur með heklaðferð úr óvæntum efniviði náttúrunnar.

Mig hafði lengi dreymt um vinnustofu þar sem ég gæti unnið að handverki mínu og hönnun. Ég hef prjónað síðan ég man eftir mér og lagði mikla útreikninga í að hafa göt í mittinu á kjól sem ég prjónaði sem unglingur, en prjónaskapur er stórskemmtileg stærðfræði þegar maður útfærir eigin munstur og uppskriftir,“ segir Hilma Eiðsdóttir Bakken.

Hilma er prjónakona með meistaragráðu í líftækni og stofnaði Hilmu – hönnun og handverk árið 2017.

„Ég hafði unnið í fjögur ár við frumurannsóknir í lífvirknisetri Matís á Sauðárkróki þegar faðir minn lést í bílslysi og líf mitt tók u-beygju árið 2016. Við slík áföll endurmetur maður lífið og það sótti á mig hvort ég gæti lifað af því að vera með vinnustofu eins og hjarta mitt þráði. Ég skellti mér því á Brautargengi hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem er námskeið fyrir konur með viðskiptahugmynd og lærði að gera viðskiptaáætlun. Í kjölfarið sótti ég um styrk í uppbyggingasjóð SSNV, sem ég hlaut, og draumurinn rættist,“ útskýrir Hilma kát.


Hilma er sú sem hér stendur.


Flíkur Hilmu eru einstakar á allan hátt og úr fágætum efniviði náttúrunnar.

### Fjórar vörulínur

Markmið Hilmu er að vinna sem mest með íslenska ull. Úr hugarfylgsnum hennar fæddust fjórar vörulínur sem bera nöfn gyðjanna Vár, Synjar, Lofnar og Bestlu úr norrænni goðafræði.

„Vár eru vélprjónaðar flíkur settar saman með gimbi. Gimb er heklaðferð sem á ensku útleggst „hairpin lace crochet“ og ég vinn meðal annars með endurskinsþræði í peysur, sjöl og lendaskjól því ég vil að við sjáumst og leiðist svo óskaplega ósýnilegt fólk í skammdeginu,“ segir Hilma.

Lendaskjól eru ekki pils því þau eru ætluð utan yfir buxur og eru fyrir alla, konur og karla.

„Lendaskjól má líka nota sem kraga og yfir axlir, en þau prjóna ég í mismunandi stærðum fyrir mismunandi stórar lendar. Í þeim felst tvöfalt öryggi; þér verður ekki kalt og þú sést örugglega. Skjólin eru úr íslenskri ull og endurskini, hugsuð fyrir alla sem eru úti í íslensku veðri, hvort sem þeir eru að bíða eftir strætó eða á göngu,“ upplýsir Hilma. Lofn-línan er meira handunnin, meira gimb og minna prjón. Vörurnar eru úr meiri lúxusefnum, eins og geitafiðu, kasmír, ull og silki,“ útskýrir Hilma.

„Undir Bestlu fellur svo ýmislegt eins og bók með prjónauppskriftum sem nú er í vinnslu, námskeið, leiðsögn og mitt eigið prjónaband.“

### Sérhannað band

Hilma hannar sitt eigið prjónaband sem er spunnið í UppSpuna í Rangárvallasýslu.

„Vár-bandið nota ég sjálf en það er spunnið úr 90 prósent íslenskri ull og 10 prósent endurunnu sarí-silki. Lofnar-bandið er úr 60 prósent fyrsta flokks lambsull, 20 prósent rósatrefjum og 20 prósent mjólkurprótíntrefjum, sem skilar dásamlegri útkomu. Ég er svo nýbúin að frumsýna MarEik 25 og MarEik 40 í kjölfarið á Prjónagleði á Blönduósi um hvítasunnuhelgina. MarEik 40 er 60 prósent íslensk ull og 40 prósent SeaCell™ trefjar. SeaCell™ trefjar eru úr sellulósa úr trjám og þara úr Breiðafirði. MarEik 25 er 75 prósent íslensk ull og 25 prósent SeaCell™. Þá eru fleiri blöndur í vinnslu sem verða vonandi tilbúnar fyrir Handverkshátíðina í Hrafnagili í ágúst,“ segir Hilma og greinilegt að meistaragráðan í líftækni nýtist henni vel í handverkinu.

„Ég hef unnið ansi mikið með þara og þang og veit því hvaða jákvæðu eiginleika það hefur þegar kemur að andoxun og bakteríuhamlandi virkni. Vörurnar eiga engan sinn líka en það er einmitt tilgangurinn og ekki til mörg eintök af hverri vöru.”

Skoðaðu handverk Hilmu á hilma.is. Vörurnar fást í Eftirlæti á Sauðárkróki, Litlu hönnunarbúðinni í Hafnarfirði og Jöklu á Laugavegi 90.

HILMA
HÖNNUN OG HANDVERK

SGHÚS sghus@sghus.is
ÍBÚÐARHÚS - FJÖLNOTAHÚS
KRAFTSPERRUR - SUMARHÚS
SGHÚS sghus@sghus.is




SG Hús hefur byggt yfir 1400 timburhús frá árinu 1966 vítt og breytt um landið

Lögð er áhersla á smíði vandaðra timburhúsa sem eru hönnuð og byggð við íslenskar aðstæður. Fjölbreytilegt veðurfarið á Íslandi gerir miklar kröfur um vönduð vinnubrögð og reynsla starfsfólks okkar eykur öryggi og gæði húsanna.

ÍBÚÐARHÚS - FJÖLNOTAHÚS - KRAFTSPERRUR - SUMARHÚS

BÓNUS





Fóðurverksmiðja Líflands er á Grundartanga.

# Íslensk framleiðsla í verksmiðjum Líflands

Lífland rekur í dag tvær verksmiðjur. Á Grundartanga er fóðurverksmiðja fyrirtækisins, þar sem framleitt er kjarnfóður fyrir landbúnað, og í Korngörðum er eina hveitimylla landsins þar sem Lífland framleiðir Kornax hveiti.




Lífland hóf starfsemi sína árið 1917 og hét þá Mjólkurfélag Reykjavíkur en nafninu var breytt í Lífland árið 2005. Félagið var stofnað af bændum í Reykjavík og nærsveitum til að annast vinnslu og dreifingu mjólkur í Reykjavík. Jafnframt því hóf félagið að útvega bændum rekstrarvörur til búskapar. Fyrirtækið hefur tekið breytingum í áranna rás en hefur þó ætíð haldið tryggð við íslenskan landbúnað og er enn stór hluti starfseminnar tengdur þjónustu við bændur.

Lífland tók við rekstri Kornax árið 2012 en Kornax hefur verið leiðandi vörumerki á Íslandi til margra ára í mjöli fyrir bæði bakstursiðnaðinn og neytendamarkaðinn þökk sé traustum viðskiptavinum.

Lífland hefur ætíð notað hágæða hráefni við framleiðslu í verksmiðjum sínum og leggur sig fram við að finna besta mögulega hráefni á hverjum tíma enda ráðast gæði vörunnar af gæðum kornsins.

„Við hikum ekki við að skipta um birgja ef við teljum að hráefnið sé ekki af þeim gæðum sem við viljum hafa,“ segir Þórir Haraldsson, forstjóri Líflands.

### Íslenskt, já takk

Lífland er eina fyrirtækið á Íslandi sem framleiðir íslenskt hveiti. „Við flytjum inn hráefnin að utan og búum til vörur úr þeim. Við erum að flytja inn nokkrar tegundir af hveitikorni og það er svo malað hérna á Íslandi með hreinni íslenskri raforku. Það er óhætt að segja það að okkar hveiti er unnið með grænni orku,“ segir Þórir.

Hveitiverksmiðja Kornax er



**Þórir Haraldsson, forstjóri Líflands.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

35 ára gömul, en fram að því var hveitið flutt inn tilbúið. „Það sem gerir hveitið okkar sérstakt er að við erum að framleiða það með íslenskri orku. Við teljum okkur vera að búa til mun heilnæmara hveiti heldur en til dæmis það sem er búið til í Evrópu. Þar er verið að nota raforku sem búin er til með dísilvélum, kjarnorku og kolum,“ útskýrir Þórir.

Þegar kemur að bakstri skiptir máli hvaða hveiti er notað til þess að útkoman verði góð. Hveiti með háu próteininnihaldi hentar vel í brauð en hveiti með lágu próteininnihaldi hentar betur í kökur og kex.

Kornax er með fjórar tegundir af hveiti í neytendapakkningum. Rautt hveiti (í bakstur), blátt hveiti (í brauð og pitsubotna), heilhveiti og rúgmjöl.

„Við framleiðum líka hveiti fyrir bakara ef þeir hafa sérstakar óskir, til dæmis erum við að framleiða sérstakt hveiti fyrir kexverksmiðjurnar.“

### Ferli sem skilar heilnæmu hveiti

Það er margt sem gengur á á bak við tjöldin áður en neytandinn opnar hveitipokann sinn. „Við flytjum hveitikorn inn í skipum, það er síðan sett í tanka til að geyma. Kornið er síðan flutt að verksmiðjunni okkar og það hreinsað í hreinsivélum. Þegar það er búið fer það í gegnum mölun og þá brotnar skurnin utan af hveitinu og sterkjan verður eftir sem fínt duft. Þetta fer í gegnum fjölda af sigtum þar sem skurnin er sigtuð frá þannig að þetta sem fer í gegnum síðasta sigtið er hvíta hveitið, eða hvíta sterkjan. Síðan tökum við eina tegund og blöndum með annarri tegund til að fá rétta próteinhlutfallið í hveitið og að lokum er því pakkað í annaðhvort neytendaumbúðir eða fyrir bakarana í 25 kg poka,“ útskýrir Þórir.

### Gæðafóður með íslenskum hráefnum

Fóðurverksmiðja Líflands er á Grundartanga. Þar er framleitt kjarnfóður fyrir landbúnað. Mikil áhersla er lögð á gæði fóðursins og uppfyllir það ströngustu gæðastaðla hvað varðar næringargildi og smitvarnir. Mikið er lagt upp úr vöruþróun og er fóðrið í stöðugri endurskoðun þar sem reynt er að bregðast hratt og örugglega við þörfum markaðarins.

„Við bjóðum bændum upp á að taka heysýni og rannsaka fyrir þá hvaða efni vantar í fóðrið þeirra og veitum þeim ráðgjöf við val á fóðri út frá þeim niðurstöðum.“

Einnig hafa þau reynt að uppfylla nýjar kröfur sem koma með breyttum áherslum í landbúnaði eins og til dæmis þær er varða nautaeldi, en bændur eru í meiri mæli farnir að rækta nautkálfa. „Við höfum þróað heildstæða vörulínu sem sérsniðin er að mismunandi aldursskeiðum kálfa, allt frá byrjun til loka eldistímans,“ segir Þórir.

Á boðstólum eru fjórar vörutegundir: Kálfamúslí ætlað smákálfum meðan verið er að venja þá við kjarnfóður, Alikálfafóður fyrir kálfa 0-3 mánaða, Kálfaþróttur fyrir kálfa frá 3 mánaða aldri og að lokum nýlegasta viðbótin í þessa vöruflóru; Bolabætir sem er fóður ætlað nautum síðustu 8-12 vikur eldistímans.

Bændur sem hafa unnið með þessar lausnir hafa séð mjög góða svörun í sínu eldi og ljóst að hægt er að nýta vaxtargetu íslenskra nautkálfa mun betur en hefur verið gert.

„Við leggjum okkur fram við að nota íslenskt hráefni í fóðrið okkar en það sem á vantar er flutt inn en unnið með íslensku vinnuafli, íslensku lofti og íslenskri raforku enda viljum við styðja við íslenskt atvinnulíf í hvívetna.“

# Íslenskar jurtir til matreiðslu

Það er fullt af íslenskum jurtum sem vaxa villtar um landið og hægt er að nýta í matreiðsluna.



Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is

Flestir þekkja blóðberg og fjallagrös en það eru ýmsar ætar jurtir sem leynast í runnum og á túnum. Í leiðbeiningarriti Byggðastofnunar, Nýting villigróðurs, er hægt að finna upplýsingar um hvernig best sé að tína, þurrka og geyma jurtir áður en þær eru notaðar sem krydd.

Í ritinu kemur fram að óæskilegt sé að tína plöntur í að minnsta kosti 50 metra fjarlægð frá vegum, vegna ryks og blýmengunar. Svo er best að halda sig í 5-10 kílómetra fjarlægð frá álverum og annarri stóriðju. Land sem hefur mátt þola tilbúinn áburð eða skordýraeitur telst ekki æskileg jörð til að tína jurtir til matreiðslu.

Ef tína á jurtir á alltaf að finna heilbrigðar og þurrar plöntur. Svo er mikilvægt að hafa náttúruvernd í huga og taka ekki of mikið af jurtinni, svo hún nái að viðhaldast á svæðinu.

Til að þurrka plönturnar eftir tínslu er oftast best að gera það á heitum og dimmum stað, svo þegar þær eru orðnar þurrar er best að geyma þær á köldum og þurrum stað í lokuðum glerkrúsum. Ef krúsirnar döggvast að innan á fyrstu vikunum hafa plönturnar ekki verið nægilega vel þurrkaðar.



Brenninetlur eru illgresi sem má laga te úr fyrir góða heilsu.

Í leiðbeiningarriti Byggðastofnunar eru lýsingar á ætum íslenskum jurtum og hér að neðan er greint frá nokkrum þeirra.

## Brenninetla

Stöngull brenninetlu er uppréttur og ferstrendur. Blöðin eru langydd og hvasssagtennt. Blómin eru greinótt hangandi öx. Brenninetlan vex sem illgresi í kringum bæi en það er hægt að búa til te úr henni. Brenninetlan er best þegar hún er nýsprottin og þá er hún skorin af eða slegin með ljá. Þegar hún er tínd er nauðsynlegt að nota hanska.

## Kúmen

Kúmen er þekkt krydd sem vex á greinóttum stöngli með ljósgrænum tvískiptum eða þrískiptum blöðum. Blöðin minna á baldursbrá en bleðlarnir eru breiðari og ekki jafn þráðlaga. Blómin eru hvít og smá og finnast villt á Suðurlandi. Það er hægt að tína kúmen í júlí eða ágúst og þurrka það í bökkum.

## Ljónslappi

Ljónslappi vex sem margir, 5-30 sentimetra háir blómstönglar, af marggreindum jarðstöngli. Jurtin hefur lengi verið talin ein besta te- og lækningajurtin sem er hægt að tína í júní eða júlí, annaðhvort í blóma eða á meðan hún er að blómstra áður en jurtin er þurrkuð.



Kúmen finnst villt á Suðurlandi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Túnfíflar

Á sumrin springur allt út í fíflum eins og þeir sem búa hérlendis vita. Það er hægt að nota þessa jurt til ýmiss konar matargerðar, blöðin er hægt að nota í salöt eða í seyði og það má steikja blómin eða brugga vín úr þeim. Best er að tína fíflana í maí, september eða október. Eins og greint var frá hér að framan ber að varast að tína fífla sem eru nálægt vegum eða á svæðum þar sem jarðvegur gæti hafa verið mengaður. Þegar fífillinn er tíndur er best að stinga rótina upp með löngu hnífsblaði eða grannri skóflu og skera rótina frá, 10 sentimetra ofan í moldinni. Svo er best að þrýsta fótinum í holuna til að mynda ekki sár í jarðveginum. Blöð og stöngull eru svo skorin frá rótinni og stök rótarhár slitin burt, áður en ræturnar eru þvegnar í köldu, rennandi vatni. Jurtin þurrkast best hengd á þráð.

# Gæði og fagmennska í yfir 30 ár

Fanntófell hefur boðið upp á gæða íslenska framleiðslu í yfir 30 ár.

Fyrirtækið var stofnað í Reykholti í Borgarfirði árið 1987. Framleiðslan fyrstu árin var í 180 fermetra húsnæði í Reykholti. Árið 1990 var ákveðið að flytja fyrirtækið til höfuðborgarsvæðisins til að koma til móts við þarfir viðskiptavina. Fyrst um sinn var fyrirtækið í Kópavogi en flutti árið 1995 upp á Bíldshöfða í stærra húsnæði. „Í fyrra festum við kaup á 1.700 fermetra húsnæði að Gylfaflöt, þar getum við þjónustað viðskiptavini okkar mun betur og afgreiðslutími er styttri,“ segir Sigurður Bragi Sigurðsson, eigandi Fanntófells.

„Frá upphafi hefur Fanntófell framleitt borðplötur og sólbekki eftir óskum hvers og eins. Sérhæfing okkar er það sem kallast postforming, eða harðplast borðplötur með rúnuðum köntum, svo höfum við þróast eftir því hvað markaðurinn vill. Fyrir fjórum árum fórum við að bjóða upp á laser kanta. Þá eru kantarnir ekki límdir á borðplöturnar heldur bræðum við þá við plötuna,“ segir Sigurður.

Í húsnæði Fanntófells að Gylfaflöt er glæsilegur sýningarsalur og verslun. Þar getur fólk skoðað efnin sem eru í boði og fengið ráðleggingar frá starfsfólki fyrirtækisins sem leggur sig fram um að veita fyrsta flokks þjónustu. „Við sérsmíðum eftir óskum hvers og eins. Viðskiptavinirnir geta komið til okkar með hugmyndir og við leiðbeinum þeim um framhaldið. Við sérsmíðum til dæmis klósettskilrúm, afgreiðsluborð og fleira fyrir fyrirtæki og stofnanir, í borðplötum getum við undirlímt vaska og niðurfellt helluborð í flest okkar efna svo dæmi séu nefnd,“ segir Sigurður. Fanntófell er í samstarfi við fyrirtæki í uppsetningarþjónustu, þar starfa 4-6 menn sem mæta til viðskiptavina, mæla og veita ráðgjöf og setja upp borðplötur og innréttingar.

Fanntófell hefur á sínum snærum faglærða og reynslumikla starfsmenn sem eru sérhæfðir í sérsmíði og leggja mikinn metnað í verkin. Fyrirtækið starfar með færum arkitektum og hönnuðum sem aðstoða fólk við að gera góðar hugmyndir að veruleika.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið eru á vefsíðu þess, fanntofell.is




Sigurður Bragi, eigandi Fanntófells, leggur áherslu á gæðaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Glæsilegt sýningarrými í Gylfaflöt.



Fanntófell sérsmíðar borðplötur eftir máli.





# Gæði með tilgang

**Múlalundur vinnustofa SÍBS hefur í 60 ár fléttað saman íslenskan iðnað og samfélagslega ábyrgð með eigin framleiðslu og tekið að sér þætti í framleiðslu annarra fyrirtækja. Með því skapast verðmæt tækifæri fyrir fjölbreyttan hóp starfsfólks til að leggja sitt af mörkum til íslensks atvinnulífs og viðskiptavinir fá góðar vörur.**

Hjá Múlalundi vinnustofu SÍBS framleiðum við vandaðar vörur á lager og sérframleiðum vörur sérstaklega fyrir tiltekna kaupendur. Þá tökum við að okkur mjög fjölbreytt verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir víðs vegar um samfélagið til lengri eða skemmri tíma. Öll þessi verkefni skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku auk þess að skila hágæða verki til viðskiptavina. Með viðskiptum við Múlalund ná fyrirtæki að flétta saman daglegri starfsemi og samfélagsverkefnum sem er frábær blanda. Þetta eru ýmist almennar vörur, sérframleiðsluverkefni eða fjölbreytt verk sem þarf að vinna í höndunum, en verkefni til lengri tíma eru sérstaklega mikilvæg,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS. Þar vinna dugmiklir einstaklingar sem hafa þurft að takast á við fötlun og veikindi, bæði andleg og líkamleg, í kjölfar slyss eða heilsubrests.

### Umhverfishringnum lokað með nýjum Egla-möppum

Múlalundur framleiðir fjölbreyttar vörur sem notaðar eru víðs vegar um land. Mest er um skrifstofuvörur, svo sem möppur og plastvasa ýmiss konar. Egla-bókhaldsmöppur hafa verið notaðar um allt land í áratugi.

„Við höfum haldið því fram að Egla-möppurnar séu mjög umhverfisvænar, þar sem þær endast í mörg ár og eru notaðar aftur og aftur. Gömlu möppurnar verða að sjálfsögðu til áfram en í haust koma á markaðinn nýjar Egla-möppur sem eru eingöngu úr pappír og pappa og verður því hægt að flokka sem pappír við förgun. Þær verða því í sátt við umhverfið alla leið.“

### Fyrirtæki, sjómenn, safnarar og tíu þúsund skólabörn

„Á Múlalundi framleiðum við fjölbreytt úrval vara. Hægt er að fá plastvasa utan um vínylplötur og við höfum sérhannað sérstaka tösku og plastvasa utan um atvinnuskírteini- og vottanir sem sjómenn þurfa að hafa til taks þegar þeir koma í höfn. Safnarar nýta líka mikið vörur Múlalundar og hægt er að fá plastvasa fyrir penna, spil, myntir, geisladiska og margt fleira. Múlalundur framleiðir einnig klemmuspjöld sem notuð eru víða um samfélagið og um tíu þúsund börn víðsvegar um landið voru með möppur frá Múlalundi í skólatöskunni sinni í vetur,“ upplýsir Sigurður um lítið brot af framleiðslunni.



Sigurður Viktor Úlfarsson er framkvæmdastjóri Múlalundar.

### 100% endurunnir plastvasar

Margar af vörum Múlalundar eru framleiddar úr plasti og leggur Sigurður áherslu á að fólk sé vandlátt þegar kemur að kaupum á plastvörum.

„Það er mikilvægt að plastvörurnar uppfylli evrópska staðla um hreinleika, þær séu endingargóðar, sem mest endurunnar og framleiddar sem næst notkunarstað til að lágmarka skaðleg áhrif á umhverfið,“ útskýrir Sigurður.

Plastið sem Múlalundur nýtir í framleiðslu sína uppfyllir öll þessi skilyrði. Það er framleitt í Evrópu og skráð í evrópska gagnagrunna (REACH) sem tryggir gagnsæi innihaldsefna.

„Plastið hefur evrópska vottun til leikfangagerðar þar sem er gert ráð fyrir að börn stingi því upp í sig. Það tryggir skaðlaust vinnuumhverfi starfsfólks og viðskiptavina,“ segir Sigurður.

Vörur Múlalundar hafa margsannað sig þegar kemur að góðri endingu.

„Plastið sem Múlalundur nýtir mest er 40 til 60 prósent endurunnið en nú er stór hluti svarta og glæra plastsins okkar orðið 100 prósent endurunnið. Stór hluti plastvasanna sem framleiddir eru á Múlalundi eru því úr 100 prósent endurunnu plasti og bæta þannig engu við plastfjall heimsins. Hreint, vottað plast, sem er að stórum hluta endurunnið, framleitt stutt frá notkunarstað, notað ár eftir ár og loks skilað aftur í endurvinnslu að notkun lokinni, er góður kostur fyrir umhverfið,“ segir Sigurður.





Verkefni Múlalundar eru fjölbreytt og unnin af natni og nákvæmni.




Fallegir matseðlar sem framleiddir eru hjá Múlalundi.

### Sérframleitt fyrir viðskiptavini

Múlalundur sérframleiðir vörur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir viðskiptavini með þeirra útliti, áletrunum eða hönnun. Til dæmis sérhæfða plastvasa, möppur eða fundarbækur með áletrun viðskiptavina. Landakort frá Forlaginu eru seld í 100 prósent endurunnum plastvasa frá Múlalundi til að auka endingu, Andrésar Andar-möppurnar eru þekktar og matseðlar og hótelmöppur Múlalundar eru notuð víða um land. Múlalundur framleiðir einnig fallegar útskriftarmöppur fyrir skóla, minningarbækur fyrir brúðkaup, skírnir og jarðarfarir, gestabækur og margt margt fleira.

### Alúð í hverju handtaki

Auk sérframleiðslu tekur Múlalundur að sér ýmiss konar handavinnuverkefni.

„Mörg fyrirtæki kjósa að nýta starfsfólk sitt í annað og fá þá okkur í handavinnuna. Ef þú þarft að raða, klippa, pakka, líma eða hvað sem er, þá erum við í Múlalundi meira en til í tuskið,“ segir Sigurður.

Sem dæmi hefur Stilling og fleiri innflutningsfyrirtæki fengið Múlalund til að líma íslenskar leiðbeiningar og strikamerki á vörur.

„Við brjótum líka öskjur fyrir greiðslukort Valitors sem fara í bankana, brjótum öskjur, vigtum og göngum frá HAp+ brjóstsykrinum frá IceMedico, pökkum fatnaði og merkjum fyrir hönnuði og fataframleiðendur. Þá framleiðum við markpóst fyrir fyrirtæki, þegar þarf að gera eitthvað alveg sérstakt sem þarfnast alúðar og mannskaps. Tvisvar í viku pökkum við ávöxtum fyrir Ávaxtabílinn og við tökum að okkur að plasta vörur, til dæmis bækur, og erum með góðan búnað í það. Margir tengja Múlalund fyrst og fremst við möppur og plastvasa en fjölbreytni verkefna er miklu meiri,“ segir Sigurður.

### Einfaldasta samfélagsverkefnið og gott verð

„Hjá Múlalundi fást allar almennar skrifstofuvörur, pappír og ritföng á einum stað.

„Við segjum að þetta sé einfaldasta samfélagsverkefnið, bara að panta og fá vörurnar sendar um allt land daginn eftir,“ segir Sigurður.

Hann segir ánægjulegt að byggja upp sjálfstraust og þrótt fólks með þátttöku á íslenskum vinnumarkaði. „Fólki er mikilvægt að fá að mæta til vinnu, eiga vinnufélaga og vera virkt í samfélaginu.“

Allar upplýsingar má finna á heimasíðunni mulalundur.is og úrval í vefverslninni kemur sannarlega á óvart.

„Eru ekki einhver verkefni sem taka óþarfa tíma á vinnustaðnum? Þá er um að gera að láta Múlalund sjá um þau,“ segir Sigurður að lokum. „Múlalundur er eitt af fjölbreyttri flóru fyrirtækja í íslenskum iðnaði.“




## Umbúðalaust grænmeti í Super1

Super1 hóf í vikunni fyrst íslenskra verslanakeðja, sölu á umbúðalausu grænmeti og ávöxtum í verslun sinni að Faxafeni 14. Er um tilraunaverkefni að ræða og fyrirhugað er að umbreyta grænmetisborðum í öðrum verslunum á sama hátt ef vel gengur. Eru allar vörur í grænmetis- og ávaxtaborði án umbúða, ef frá eru taldar pappírsöskjur undir viðkvæmar vörur, og selt eftir vigt. Verslunin hefur í framhaldinu hætt notkun á plastpokum undir grænmeti og býður þess í stað upp á pappírspoka.

Samkvæmt tilkynningu frá Super1 hafa viðskiptavinir kallað eftir minni plastnotkun og með þessu vill Super1 stuðla að aukinni umhverfisvernd og setja aukna pressu á birgja að huga að minni plastnotkun, en óhætt er að segja að meirihluti plastumbúða undir grænmeti og ávexti sé óþarfur. Einnig er viðbúið að sala eftir vigt minnki matarsóun enda óþarfi að henda heilum pakkningum þrátt fyrir að lítill hluti sé skemmdur. Super1 er ný verslanakeðja sem rekur þrjár verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Eru verslanirnar reknar í nánu samstarfi við norræna verslunarrisann REMA 1000 sem leggur ríka áherslu á lífrænar vörur, minni matarsóun og umhverfisvernd.



## Flestir vilja í tölvunarfræði

Um 10% fjölgun er á umsóknum milli ára í nám í Háskólanum í Reykjavík en ríflega 3.300 umsóknir hafa borist. Flestar umsóknir bárust um grunnnám í tölvunarfræði, eða 450 talsins.

Í fréttatilkynningu frá skólanum segir að reiknað sé með að um 1.500 nemendur hefji nám við háskólann í haust og að enn sé opið fyrir umsóknir um nám í Háskólagrunni HR, iðn- og tæknifræðideild og einstakar brautir í meistaranámi.

Nær 40% fjölgun hefur orðið á umsóknum um diplómanám í iðnfræði, þótt umsóknarfrestur um það sé ekki liðinn. Um 30% fjölgun varð á umsóknum um grunnnám í verkfræðideild háskólans og munar þar mestu um umsóknir um nýtt nám sem veitir MSc-gráðu í verkfræði og BSc-gráðu í tölvunarfræði, en 46 umsóknir bárust um það. Um 20% fjölgun varð einnig á umsóknum um grunnnám í sálfræði.

Tæplega 1.200 umsóknir bárust um meistaranám og er það 13% fjölgun frá árinu áður. Flestar umsóknir, 132, bárust um nám í klínískri sálfræði. 246 umsóknir bárust um fjórar námsbrautir Íslenska orkuháskólans, samanborið við 160 árið áður. Mikil fjölgun varð í erlendum umsóknum um meistaranám í viðskiptadeild, þar með talið MBA, meistaranám í máltækni og byggingarverkfræði. Mikil fjölgun hefur einnig orðið í umsóknum um doktorsnám.

## Íslenskt skyr á Ólympíuleikunum

Yoshihide Hata, forstjóri Nippon Ham, sem er eitt stærsta fyrirtæki Japans á sviði ferskra og frosinna matvæla og jafnframt fjórði stærsti kjötframleiðandi heims, heimsótti nýverið Ísland. Hjá fyrirtækinu starfa 30.000 manns og fyrirtækið veltir um 1.400 milljörðum árlega.

Heimsókn hans tengdist undirbúningi framleiðslu og sölu á Ísey Skyri í Japan, en dótturfyrirtæki Nippon Ham, mjólkurfyrirtækið Nippon Luna, gerði framleiðslu og vörumerkjasamning um Ísey Skyr við MS á síðasta ári. Nippon Ham tók fyrr á árinu ákvörðun um að gera Ísey Skyr að sinni aðal heilsuvöru sem er mjög þýðingarmikið fyrir alla markaðssókn sem viðkemur Ísey Skyri þar í landi. Áætlanir gera ráð fyrir að mikill kraftur verði settur í markaðssetninguna og að koma Ísey vel á kortið áður en Ólympíuleikarnir hefjast í Tókýó árið 2020.

Verið er að ljúka byggingu nýrrar verksmiðju í nágrenni Tókýó sem hefur framleiðslu á Ísey Skyri fyrir Japansmarkað á næstu mánuðum. Heimsókn forstjóra Nippon Ham hefur mikla þýðingu fyrir markaðssetningu á Ísey Skyri í Japan, þar sem sterk staða Nippon Ham getur mögulega komið vörunni í allt að 50.000 verslanir í Japan á næstu árum. Innkaupastjórar, fjölmiðlar og neytendur í Japan hafa sýnt skyrinu mikinn áhuga og má segja að umtalsverð eftirvænting sé eftir Ísey Skyri í Japan.



**Frá undirritun viljayfirlýsingar um skoðun á frekara samstarfi í Asíu.**



# Sumarbirtan truflar svefninn

Sumarsólstöður voru síðastliðinn föstudag en þá er lengsti dagur ársins, sólin skín hátt á himni og umvefur okkur birtu allan sólarhringinn. Þessi mikla er birta er alger andstæða við það sem við upplifum í kringum vetrarsólstöður þegar dagsljós er mjög lítið.

Svefntruflanir eru meðal algengustu heilsufarsvandamála fólks sem býr á norðurhveli jarðar. Þar spilar saman mikil birta yfir sumartímann og mikið myrkur yfir vetrartímann, en þessi mikli munur á ljósi hefur bein áhrif á líkamsklukkuna okkar," segir Sandra Mjöll Jónsdóttir-Buch, doktor í líf- og læknavísindum.

„Birtan hefur áhrif á heilann því hún hemur framleiðslu hormóna sem gera okkur syfjuð. Við erum einfaldlega minna þreytt þegar við erum umvafin birtu allan sólarhringinn. Það þýðir samt ekki að við þurfum að hvílast minna. Svefn er enn jafn mikilvægur þó að bjart sé úti," segir Sandra.

Rannsóknir sýna að það tekur fólk lengri tíma að sofna, það sefur skemur, vaknar oftar á nóttunni og hreyfir sig meira í svefni þegar bjart er úti allan sólarhringinn. Svefnleysi er algengt meðal Íslendinga á sumrin en fólk sefur þá oft um klukkustund skemur á nóttu en á veturna.

„Svefninn er mjög mikilvægur fyrir andlega heilsu og lítill svefn hefur strax áhrif á okkur. Langvarandi svefnskortur hefur mjög slæm áhrif á heilsuna og það kemur að skuldadögum fyrr eða síðar. Svefn er alltaf jafn mikilvægur, líka þegar bjart er úti," bætir Sandra við.

## Eina lyfið án lyfseðils við svefntruflunum

Jurtalyfið Sefitude frá Florealis er eina lyfið á Íslandi við svefntruflunum og vægum kvíða sem fæst án lyfseðils í apótekum.

Sefitude styttir tímann við að sofna og bætir gæði svefns. Lyfið inniheldur útdrátt úr garðabrúðurót (Valeriana) en róandi áhrif jurtarinnar hafa lengi verið viðurkennd og staðfest í klínískum samanburðarrannsóknum.

„Sefitude er tekið inn að kvöldi og hjálpar viðkomandi að róast og sofna. Það dregur úr því að fólk sé að vakna oft á nóttunni og stuðlar þannig að samfelldum svefni. Sefitude hentar því sérstaklega vel þeim sem upplifa svefntruflanir yfir björtustu mánuðina. Það er hvorki sljóvgandi né ávanabindandi og má nota allt frá 12 ára aldri," segir Sandra að lokum.

## Gagnlegar upplýsingar

Sefitude er á 15 prósenta afslætti í Garðs Apóteki og á appotek.is.

Sefitude fæst án lyfseðils í öllum apótekum. Notkun við svefntruflunum: 1 tafla ½-1 klst. fyrir svefn fyrir fullorðna og ungmenni eldri en 12 ára. Notkun við vægum kvíða: 1 tafla 1-3 sinnum á dag fyrir fullorðna og 1 tafla 1-2 á dag fyrir ungmenni 12-18 ára. Ekki ráðlagt börnum yngri en 12 ára, þunguðum konum eða konum með barn á brjósti. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Leitið læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkun. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



Sandra Mjöll Jónsdóttir-Buch er doktor í líf- og læknavísindum.

Þessi kynning er unnin í samstarfi við Florealis ehf.

FLOREALIS






# Er erfitt að sofna?

Sefitude hjálpar þér að sofna, bætir gæði svefns og dregur úr vægum kvíða.

15% afsláttur á Appotek.is og í Garðs Apóteki

Notkun við svefntruflunum: 1 tafla ½-1 klst fyrir svefn fyrir fullorðna og ungmenni eldri en 12 ára. Notkun við vægum kvíða: 1 tafla 1-3 sinnum á dag fyrir fullorðna og 1 tafla 1-2 á dag fyrir ungmenni 12-18 ára. Ekki ráðlagt börnum yngri en 12 ára, þunguðum konum eða konum með barn á brjósti. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Leitið læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkun. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Fæst án lyfseðils í öllum apótekum

www.florealis.is



Það er nógu erfitt að finna húsnæði án þess að vera með dóm á bakinu.



Fyrrverandi fangar eiga erfitt með að fá vinnu.

# Aðstoða fyrrverandi fanga við að aðlagast samfélaginu

Frá því í janúar 2018 hefur Rauði krossinn í Kópavogi staðið fyrir stuðningi við þá sem hafa lokið afplánun.

Verkefnið ber heitið Félagsvinir og er unnið eftir norskri fyrirmynd. Hvern miðvikudag er opið hús á milli sjö og níu að kvöldi til, fyrir þá sem þurfa á stuðningi að halda til að koma sér aftur út í samfélagið. Stuðningurinn er bæði í formi fræðsluerinda og einstaklingsmiðaðrar sjálfboðavinnu.

„Stuðningurinn er tvíþættur. Annars vegar erum við með opið hús einu sinni í viku og þá geta þeir sem hafa lokið afplánun komið og fengið upplýsingar sem þá vantar í einstaklingsspjalli,“ segir Aðalheiður Jónsdóttir verkefnastjóri Félagsvina. „Hins vegar erum við með sjálfboðaliða til að aðstoða einstaklinga sem hafa lokið afplánun við ýmsa praktíska hluti og veita þeim almennan stuðning til að komast aftur út í samfélagið.“

Aðalheiður segir að það sé gríðarlega mikilvægt að þessi þjónusta standi til boða og að hún verði að vera einstaklingsmiðuð. Það ríður mikið á því að þeir sem ljúka afplánun komi aftur undir sig fótunum og geti tekið virkan þátt í samfélaginu, en það getur oft reynst erfitt. „Við aðstoðum meðal annars við atvinnuumsóknir, umsóknir um húsnæði, fundi með félagsráðgjöfum skipulagningu fjármála.“ Auk þess aðstoða Félagsvinir þá sem hafa lokið afplánun við að byggja upp heilbrigt félagsnet enda er það ekki síður mikilvægt þegar kemur að aðlögun í samfélaginu.

Það hefur verið misjafnt hve margir koma hverju sinni þegar það eru opin hús, en það fer fyrst og fremst eftir því sem er til umræðu. „Um daginn vorum við til dæmis með umræðu um hvernig maður á að bera sig að í atvinnuviðtali og hvernig á að gera ferilskrá. Það komu fleiri en vanalega.“ Ein stærsta hindrun í lífi fyrrverandi fanga er að koma sér á vinnumarkað eins og margir vita.

„Það getur verið mjög hamlandi fyrir fólk sem er með dóm á bakinu þegar það er að sækja um starf. Það er mjög erfitt að finna einhver tækifæri. Svo er auðvitað líka erfitt að finna sér húsnæði, það er erfitt fyrir alla í dag en alveg sérstaklega erfitt fyrir þennan hóp.“ Eins og er býður Rauði krossinn ekki upp á húsnæði fyrir fyrrverandi fanga en Félagsvinir leggja fram aðstoð sína með því að benda fyrrverandi föngum á hvert þeir geta leitað, hvernig er best að hafa samband og fara með þeim á Vinnumálastofnun til dæmis.

Til að tryggja að einstaklingar sem afplána í fangelsum landsins viti örugglega af þessari þjónustu hafa Félagsvinir farið í hverjum mánuði frá upphafi verkefnisins í fangelsin á höfuðborgarsvæðinu að kynna verkefnið. „Svo hanga auglýsingar frá okkur í fangelsunum á Akureyri og Kvíabryggju. Við erum líka í góðu samstarfi við Fangelsismálastofnun. Við vonum að allir sem ljúka afplánun viti af okkur.“

Síðasta opna hús Félagsvina verður næsta miðvikudag, 26. júní, áður en verkefnastjórnendur fara í sumarfrí í júlí. Síðan munu Félagsvinir taka upp þráðinn í ágúst. Opnu húsin eru haldin í Hamraborg 11 á annarri hæð. Aðalheiður lofar því að vel verði tekið á móti öllum sem vilja koma og léttar veitingar í boði.




Aðstoð við einstaklinga sem hafa lokið afplánun verður að vera einstaklingsmiðuð til að sinna mismunandi þörfum hvers og eins.

**Það getur verið mjög hamlandi fyrir fólk sem er með dóm á bakinu þegar það er að sækja um starf. Það er mjög erfitt að finna einhver tækifæri.**

**Aðalheiður Jónsdóttir.**



# BÍLAHÖLLIN

Bíldshöfða 5, 110 Reykjavík
**S. 567 4949**
Opnunartími virka daga:
Mán-föst kl. 10-18

LÆKKAÐ VERÐ



**TOYOTA COROLLA LIVE DIESEL.**
5/2016, ekinn 87 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Verð núna 1.750.000.**
Verð áður 1.990.000.-
Rnr.280324.

LÆKKAÐ VERÐ



**TOYOTA AYGO H/B X-PLAY.**
6/ 2018, ekinn 22 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð núna 1.490.000.**
Verð áður 1.690.000.-
Rnr.280419.

LÆKKAÐ VERÐ



**TOYOTA Yaris H/B ACTIVE.**
6/2018, ekinn 13 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð núna 2.290.000.**
Verð áður 2.490.000.-
Rnr.280341.

LÆKKAÐ VERÐ



**TOYOTA YARIS H/B ACTIVE.**
5/2018, ekinn 14 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð núna 2.290.000.**
Verð áður 2.490.000.-
Rnr.152557.

LÆKKAÐ VERÐ



SELDUR

**TOYOTA RAVV 4x4.**
4/2018, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Bakkmyndavél og m/fl.
**Verð núna 4.290.000.**
Verð áður 4.590.000.-
Rnr.280348.

LÆKKAÐ VERÐ



**TOYOTA C-HR C-CULT HYBRID**
8/2018 ónotaður
Leður og bakk-myndavél og m/ fl. bensín, sjálfskiptur.
**Verð núna 4.250.000.**
Verð áður 4.490.000.
Rnr.152269.

LÆKKAÐ VERÐ



**TOYOTA RAV4 4x4.**
7 2016, ekinn 55 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Bakkmyndavél og fl.
**Verð núna 3.790.000.**
Verð áður 4.090.000.-
Rnr.151960.

LÆKKAÐ VERÐ



**TOYOTA HILUX VX D/C Invincible 33"breyting.**
Leður og heithúðun á palli 4/2018, ekinn 11 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð núna 7.690.000.**
Ásett verð 7.990.-
Rnr.152417.

**Mikið úrval af TILBOÐSBÍLUM**

## Þú finnur draumastarfið á job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Verslun og þjónusta



Kennsla



Veitingastaðir



Ferðaþjónusta

**GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU**

job.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**FRÍSTUNDABIL.**

TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil.

Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m.

Lager eða geymsla.

Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**

**Netfang proventus@proventus.is**

# Tilkynningar

## Tilkynningar

**HÚSASMIÐUR**

Lítið viðhaldsfyrirtæki vantar smið með reynslu. Uppl. í s: 897-3006 Jóhann

**EIGNAMIÐLUN**

GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

**SUÐURVANGUR 23 B, 220 HAFNARFJÖRÐUR**



**OPIÐ HÚS**

Vel skipulögð 115.8 fm 4 herb. íbúð á 2.hæð í frábærlega vel staðsettu litlu fjölbýli rétt við Víðistaðatún. **Verð 47,5 m.**

**Opið hús þriðjudaginn 25. júní milli kl. 17:00 og 17:30**

**Nánari uppl. Þórarinn M. Friðgeirsson lg.fs. s. 899 1882, thorarinn@eignamidlun.is**

**EIGNAMIÐLUN**

GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

# Garðabær - Lyngás 1

**BJARTAR OG NÚTÍMALEGAR ÍBÚÐIR MEÐ HAGNÝTU SKIPULAGI**



**OPIÐ HÚS**

Hagkvæmar 3ja og 4ra herbergja íbúðir með stæði í bílageymslu. Íbúðirnar eru miðsvæðis í Garðabæ, í göngufæri frá skólum, sundlaug, íþróttasvæði og verslun. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna. **V. frá 35,9 m.**

**Opið hús þriðjudaginn 25. júní milli kl. 17:00 og 17:30**

**Nánari uppl. Hreiðar Levý Guðmundsson lg.fs. s. 661 6021, hreidar@eignamidlun.is og Herdís Valb. Hölludóttir lg.fs. s. 694 6166, herdis@eignamidlun.is**





586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18

2017-2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 | 6 |
| Ísafjörður | 9 | 17 |
| Akureyri | 15 | 6 |
| Egilsstaðir | 21 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 16 | 8 |
| Hveravellir | 10 | 10 |

Suðvestan 3-10 m/s. Skýjað að mestu og úrkomulítið, en bjartviðri austan til. Suðvestan 8-15 í dag, hvassast um landið NV-vert. Skýjað og væta með köflum, en áfram þurrt austanlands. Hiti 9 til 21 stig, hlýjast austan til.

## Miðvikudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 | 5 |
| Ísafjörður | 10 | 13 |
| Akureyri | 17 | 13 |
| Egilsstaðir | 21 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 17 | 7 |
| Hveravellir | 13 | 13 |

## Fimmtudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 12 | 4 |
| Ísafjörður | 11 | 5 |
| Akureyri | 17 | 4 |
| Egilsstaðir | 19 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 20 | 4 |
| Hveravellir | 13 | 7 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | 4 | 1 | | 3 | | 5 | | |
| 2 | | | | 8 | 5 | | | 4 |
| 1 | 5 | | 4 | | | 3 | 9 | |
| | 6 | 8 | | 7 | 9 | | | 2 |
| 4 | 2 | | | | | | | |
| 5 | 8 | | 2 | 9 | 7 | | | |
| | 9 | 3 | | | 4 | 7 | | 5 |
| | | | 6 | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 1 | | 7 | | |
| | 6 | | 9 | | | | 3 | 1 |
| 3 | 2 | | | | | 4 | | |
| 5 | | | | 7 | | | 2 | |
| 7 | 1 | | | | | | | |
| | | 3 | 1 | | | | 5 | 8 |
| | | | | 9 | 7 | | | 4 |
| | 4 | | 3 | | 8 | | 6 | 7 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | 3 | | | |
| | 6 | 7 | | 9 | | | 2 | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | 4 | |
| 5 | | | | 3 | | | | |
| 2 | 3 | 4 | 9 | | | | | 1 |
| 4 | | | 1 | | | | 9 | |
| 6 | | 1 | | | | | 5 | |
| | 2 | | 4 | | 5 | | | 6 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. Fiskur
5. Spíra
6. Frá
8. Þokumóða
10. Stríðni
11. Erta
12. Málhelti
13. Galdrar
15. Snáfa
17. Smáhrís

**LÓÐRÉTT**
1. Efstastigs
2. Meining
3. Viðmót
4. Fjasa
7. Röggsemi
9. Lufsur
12. Geð
14. Þangað til
16. Drykkur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** háfur, **5.** ála, **6.** af, **8.** mistur, **10.** at, **11.** æsa, **12.** stam, **13.** kukl, **15.** snauta, **17.** sprek. **LÓÐRÉTT: 1.** hámarks, **2.** álit, **3.** fas, **4.** rausa, **7.** framtak, **9.** tætlur, **12.** skap, **14.** uns, **16.** te.

## Skák Gunnar Björnsson

Jóhann Ingvason (2.175) átti leik gegn Gauta Páli Jónssyni (2.175) á Skákþingi Reykjavíkur.

**Svartur á leik**

**42. … Bxg4! 43. Ba5** (43. Kxg4 f5+). **43. … Be6.** Peði yfir tókst Jóhanni að leggja Gauta að velli.

**www.skak.is:** Norðurlandamótið: Helgi Áss með 3½ vinning eftir fjórar umferðir.

Svartur á leik



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 9 | 8 |
| 7 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 7 |
| 9 | 3 | 2 | 7 | 8 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 4 | 2 |
| 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 2 | 6 | 7 | 9 |
| 2 | 9 | 7 | 5 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 8 | 3 | 4 | 6 | 2 |
| 6 | 2 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 3 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 5 | 7 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 5 | 8 | 7 | 6 |
| 7 | 5 | 8 | 1 | 6 | 2 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 6 | 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 5 | 3 |
| 6 | 5 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 |
| 3 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 | 7 | 6 | 5 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 |
| 7 | 9 | 6 | 5 | 3 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 6 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 | 9 | 7 |
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 9 | 5 | 3 | 8 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# Við notum **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerla



Sigríður Rita Ragnarsdóttir

Ég hef alla tíð verið mjög viðkvæm í maganum og var búin að prófa ýmislegt. Ég fann fljótt mikinn mun þegar ég byrjaði að nota **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerla. Það er frábært að hafa loksins fundið eitthvað sem virkilega hjálpar mér og ég tek 1 hylki á dag og mun svo sannarlega halda því áfram því þetta bjargar mér algjörlega.
- ***Sigríður Rita Ragnarsdóttir***



Þórunn Kristjónsdóttir

Ég hef notað **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerla um nokkurt skeið með mjög áþreifanlegum árangri. Meltingin er mun betri og mér líður allri betur, þess vegna hika ég ekki við að mæla með þessari góðu vöru. Sjálf tek ég hana daglega og sleppi ekki degi úr.
- ***Þórunn Kristjónsdóttir***



Þorbjörg Hafsteinsdóttir

Einkenni eins og niðurgangur, hægðatregða, vindgangur eða uppþemba er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið til marks um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. **Þorbjörg Hafsteinsdóttir** næringarþerapisti notar **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerla fyrir sig og sína.



Birgir Þórðarson

**Birgir Þórðarson**, leiðsögumaður, teblöndunarmeistari og afi með meiru, veit hvað það skiptir miklu máli að hafa meltinguna í lagi og huga að heilbrigði þarmaflórunnar fyrir heilsuna alla. Hann fann fljótt hvað **Probi Mage LP299V®** gerði honum gott og tekur það inn daglega.



Fríða Britt Bergsdóttir

Ég er allt önnur og betri í maganum eftir að ég fór að nota **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerlana. Ég á þeim að þakka að þeim dögum sem ég finn fyrir ónotum tengdum meltingu hefur fækkað stórlega. Þetta skilar sér hreint út sagt í betri lífsgæðum finnst mér því mér líður almennt allri betur þegar ég tek þetta inn. - ***Fríða Britt Bergsdóttir***




**Söluhæsta fæðubótarefnið í sínum flokki í Svíþjóð og hefur fengið frábærar móttökur á Íslandi!**
**Fæst í apótekum, heilsuverslunum, Fjarðarkaup, Melabúðinni, Hagkaup og Heimkaup.**

abel heilsuvörur

## *Lífrænir og vegan ávaxta- og jurtadrykkir!*










abel heilsuvörur

**Fæst í Heilsuhúsinu, Hagkaup, Fjarðarkaup, Melabúðinni, Heimkaup og völdum apótekum um land allt.**

BIO RAW VEGAN

## Örn Árnason verður Bastían bæjarfógeti

Þjóðleikhúsið fagnar 70 ára afmæli sínu á næsta leikári og af því tilefni verður Kardemommubærinn settur á svið. Verkið er nú sett upp í leikhúsinu í sjötta sinn.



**Örn Árnason, leikari**

Örn Árnason fer með hlutverk Bastíans bæjarfógeta. Hann leikur nú í sjöunda sinn í leikriti eftir Egner í Þjóðleikhúsinu og hefur áður leikið alla ræningjana þrjá. Faðir hans, Árni Tryggvason, lék Bastían bæjarfógeta árið 1974, en Árni lék í alls sex Egner-sýningum á leikferli sínum, og var hinn eini sanni Lilli klifurmús í augum margra kynslóða.

Guðjón Davíð Karlsson, Hallgrímur Ólafsson og Oddur Júlíusson munu fara með hlutverk ræningjanna, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir leikur Soffíu frænku, Örn Árnason Bastían bæjarfógeta og Þórhallur Sigurðsson fer með hlutverk Tobíasar í turninum.

# Frumraun sem hittir í mark

**BÆKUR**

**1793**

★★★★☆

**Höfundur:** Niklas Natt och Dag
**Þýðandi:** Hilmar Hilmarsson
**Blaðsíður:** 448
**Útgefandi:** Forlagið





Niklas Natt og Dag hefur slegið í gegn með 1793.

Niklas Natt och Dag kemur sannarlega með hvelli inn í norræna glæpasagnaheiminn. 1793 er fyrsta bók hans og hún er gríðarlega vel heppnuð. Eina áhyggjuefni höfundar hlýtur að vera hvernig hann eigi að fylgja henni eftir. Væntingarnar eru miklar.

Árið er 1793 í Svíþjóð og vaktarinn Mickel Cardell dregur mannslík upp úr forarpolli í Stokkhólmi. Alla útlimi vantar á líkið og við rannsókn kemur í ljós að maðurinn hefur verið aflimaður smátt og smátt. Cardell og lögfræðingurinn Cecil Winge hefja leit að morðingjanum.

**Sterk sviðsmynd**

Natt och Dag (já, það er raunverulegt eftirnafn hans og hann er af gamalli aðalsætt) hefur greinilega lagt á sig mikla heimildavinnu. Honum tekst að draga upp afar sterka mynd af mannlífi, umhverfi og lífsháttum. Sögusviðið er drungalegt og skítugt, lífsbarátta þeirra sem minna mega sín er hörð, fólk verður gamalt langt um aldur fram og skefjalaus grimmd og harka mæta þeim sem brjóta af sér.

Nokkrar persónur eru í forgrunni og ber þar fyrsta að nefna félagana Cardell og Winge sem eru afar ólíkir persónuleikar. Cardell hefur misst annan handlegg sinn í stríði og Winge er berklaveikur og dauðinn er á hælum hans. Winge er skynsemismaður og á refsiglöðum tímum trúir hann því einnig að allir sem sakaðir eru um glæp eigi rétt á því að á sögu þeirra sé hlustað.

Í öðrum hluta bókar kynnist lesandinn ungum manni, tæplega sautján ára, Johan Kristofer sem þvingaður var til að aflima hinn ókunna mann sem ráðgátan snýst um og í þriðja hluta er sögð saga Önnu Stinu sem þarf að þola skelfilegt óréttlæti og líður miklar þjáningar. Ekki er fullkomlega ljóst hvernig sögur Johans Kristofers og Önnu Stinu tengjast en það skýrist þegar líða tekur á verkið.

**Hrollvekjandi ofbeldi**

Höfundi tekst sannarlega að halda athygli lesandans í afar viðburðaríkri bók sen er mjög ofbeldisfull. Lesendur norrænna glæpasagna eru ýmsir vanir þegar kemur að ofbeldislýsingum en það hlýtur samt að fara hrollur um mestu harðhausana. Niklas Natt och Dag er ekki að hlífa lesendum sínum heldur ögrar þeim stöðugt með lýsingum sínum á kvalalosta og grimmd. Samt ætti að vera erfitt að láta þess bók frá sér án þess að ljúka við hana. Frásögnin er kraftmikil, einkennist af sagnagleði um leið og andrúmsloftið er trúverðugt og persónurnar eftirminnilegar. Ekkert af þessu hefði glatast þótt höfundur hefði dregið úr ofbeldinu, eins og hann hefði svo gjarnan mátt gera. Ofbeldislýsingarnar reyna sannarlega á lesandann.

**Blekking höfundar**

Þegar kemur að lausn morðgátunnar virðist um tíma sem höfundur hafi farið út af sporinu en þar reynist um blekkingu að ræða. Það eru slaufur á lausninni sem eru snyrtilega gerðar.

Þessi bók Niklas Natt och Dag hefur vakið gríðarlega athygli. Norskur gagnrýnandi kallaði hana bókmenntalegt afrek. Það er hún reyndar ekki, en hún er spennandi og hugvitsamlega samin og afar áhrifamikil. Það verður ekki auðvelt fyrir höfundinn að fylgja þessari mjög svo vel heppnuðu frumraun sinni eftir. **Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Spennandi og áhugaverð söguleg glæpasaga sem hittir sannarlega í mark. Ofbeldisfullar lýsingar hljóta um leið að skelfa lesandann




## Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

### 25. JÚNÍ 2019

### Orðsins list

**Hvað?** Málþing um bréf vesturfara
**Hvenær?** 13.00-16.00
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar

Fjallað verður um bréfaskipti milli Íslendinga í Vesturheimi og í gamla heimalandinu. Fimm framsögumenn fjalla um og greina upplifun og lífsreynslu, búskaparhætti, ástamál, sjálfsmyndir, vonbrigði og ávinning Íslendinga í nýjum heimkynnum í Winnipeg og Nýja Skotlandi í norðri allt suður til Brasilíu. Dregin verður upp forvitnileg mynd af lífi og örlögum fólks.


Á tónleikunum Tvinna í Iðnó koma fram ungir tónlistarmenn.

### Tónleikar

**Hvað?** Tvinna – tónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó við Tjörnina

Íslandsdeild Ung nordisk musik – UNM – ásamt Kammersveitinni Elju standa fyrir tónleikunum sem eru angi af samvinnuhátíð ungra tónhöfunda á Norðurlöndunum. Tónskáldin sem eiga verk á tónleikunum eru Bára Gísladóttir, Gulli Björnsson, Katrín Helga Ólafsdóttir, Kristján Harðarson, María Arnardóttir og Sophie Fetokaki, Ragnheiður Erla Björnsdóttir sem vinnur með myndlistarkonunni Ásdísi Birnu Gylfadóttur og Rögnvaldur Konráð Helgason. Fjögur verkanna sem flutt verða hafa hvorki heyrst né sést opinberlega áður.

**Hvað?** KexJazz
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** KEX Hostel, Skúlagötu 28

Kvartett söngkonunnar Helgu Maríu Ragnarsdóttur kemur fram. Í kvartettinum eru auk Helgu Maríu Sara Mjöll Magnúsdóttir sem leikur á píanó, Valdimar Olgeirsson leikur á kontrabassa og Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir á trommur. Þau túlka vel valda standarda sem fluttir hafa verið af nokkrum uppáhaldsdjasssöngkonum Helgu Maríu. Þeirra á meðal eru Monica Zetterlund, Carmen McRae og Cécile McLorin Salvant. Aðgangur er ókeypis.




Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
Álskóflur
frá 1.999
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Háþrýstidæla
1200W 100Bör
9.999
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
2100W
22.999
Háþrýstidæla
1400W 105Bör
14.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
59.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
4.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Laufahrífur
frá 999
Skóflur
frá 995
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17






# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Kastljós**
**13.15 Menningin**
**13.25 Útsvar 2015-2016** Norðurþing og Sandgerði
**14.35 Eldað með Jóhönnu Vigdísi Lasagna** Í þessum þætti útbýr Jóhanna Vigdís lasagna með kjöti og grænmeti.
**15.00 Manstu gamla daga? Gular rósir** Þáttaröð frá 1991 um sögu íslenskrar dægurtónlistar. Umsjón: Helgi Pétursson og Jónatan Garðarsson. Dagskrárgerð: Tage Ammendrup. e.
**15.50 16-liða úrslit HM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá leik í 16-liða úrslitum á HM kvenna í fótbolta.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Ósagða sagan**
**18.29 Hönnunarstirnin**
**18.44 Bílskúrsbras**
**18.50 Vísindahorn Ævars Leonardo da Vinci**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin** Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
**20.05 Geimfarar - Erfiðasta starf í alheiminum**
**21.10 Ó, blessuð vertu sumarsól Seinni hluti** Íslensk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum. Trillukarl og ekkjumaður á Austfjörðum kemur heim úr langferð með óvæntar fréttir, uppkomnum börnum sínum til mikillar gremju. Meðal leikenda eru Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Theódór Júlíusson, Vignir Rafn Valþórsson, Magnea Björk Valdimarsdóttir og Þorsteinn Bachmann. Leikstjóri: Lars Emil Árnason. e.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 HM stofan**
**22.45 Skylduverk** Fimmta þáttaröðin af þessum vinsæla spennumyndaflokki frá BBC um lögreglumann sem ásamt samstarfskonu sinni er falið að rannsaka spillingu innan lögreglunnar. Þættirnir hafa unnið til ýmissa verðlauna og endurtekið slegið áhorfsmet í heimalandi sínu, Bretlandi. Leikarar. Martin Compston, Vicky McClure og Adrian Dunbar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.45 Haltu mér, slepptu mér**
**00.35 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 KPMG Women's PGA Championship** Útsending frá KPMG Women's PGA Championship á LPGA mótaröðinni.
**11.00 KPMG Women's PGA Championship**
**14.00 Travelers Championship** Útsending frá Travelers Championship á PGA mótaröðinni.
**17.00 Travelers Championship**
**20.00 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**20.50 Travelers Championship**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 The Good Place**
**13.30 Superstore**
**13.50 American Housewife**
**14.15 Charmed**
**15.00 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 The Neighborhood**
**20.10 Crazy Ex-Girlfriend**
**21.00 For the People**
**21.50 Star** Þrjár hæfileikaríkar söngkonur fara saman til Atlanta til að reyna að slá í gegn.
**22.35 Heathers**
**23.20 The Tonight Show**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tríó Quadro Nuevo, David Grisman Kvintettinn og D'Gary**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur Eyðing Indíálanda**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Ósjálfrátt**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.20 High Strung**
**12.55 Sundays at Tiffany's**
**14.25 I Am Sam**
**16.35 High Strung**
**18.15 Sundays at Tiffany's**
**19.45 I Am Sam**
**22.00 Wonder Woman**
**00.20 The Departed**
**02.50 Point Break**
**04.45 Wonder Woman**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 The Middle**
**07.45 Grey's Anatomy**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Suits**
**10.20 NCIS**
**11.05 Jamie's Quick and Easy Food**
**11.30 It's Always Sunny in Philadelphia**
**11.55 Um land allt**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The X-Factor**
**14.30 The X-Factor**
**15.45 Nettir Kettir**
**16.35 Friends**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.50 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.05 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.10 Veður**
**19.15 The Goldbergs**
**19.40 Kevin Can Wait**
**20.00 Golfarinn**
**20.25 Our Girl**
**21.20 Jett**
**22.10 Knightfall**
**22.55 Last Week Tonight with John Oliver**
**23.25 The Bold Type**
**00.10 The Red Line**
**00.55 Gentleman Jack**
**01.50 You're the Worst**
**02.20 Sally4Ever**
**02.55 Sally4Ever**
**03.30 Sally4Ever**
**04.05 Sally4Ever**
**04.45 Notes From the Field** Vönduð heimildarmynd frá 2018 í umsjón leikkonunnar og umbótasinnans Önnu Deavere Smith sem barist hefur fyrir því að knýja fram breytingar í samfélaginu innan frá. Anna hvetur ungt fólk að taka þátt í breytingum sjálft, missa aldrei trúna og ávallt líta fram á við.

## STÖÐ 3

**19.10 Modern Family**
**19.35 Bob's Burger**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 One Born Every Minute**
**21.45 The Hundred**
**22.30 Supernatural**
**23.15 Angie Tribeca**
**23.40 The Last Ship**
**00.25 Westworld**
**01.25 Modern Family**
**01.50 Seinfeld**
**02.15 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.20 Ekvador - Japan** Útsending frá leik í Copa America.
**10.00 Síle - Úrúgvæ** Útsending frá leik í Copa America.
**11.40 Fylkir - Selfoss** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**13.20 Breiðablik - ÍBV** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**15.00 Ekvador - Japan**
**16.40 Síle - Úrúgvæ**
**18.20 Fylkir - Selfoss**
**20.00 Pepsi Max mörk kvenna**
**21.00 Mjólkurbikarmörkin 2019**
**22.20 Pepsi Max mörk kvenna**
**23.20 Bólivía - Venesúela** Útsending frá leik í Copa America.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# SÖGUR AF PLÖTUM

## – með Bubba Morthens

Sögur af plötum er nýtt hlaðvarp með Bubba Morthens á frettabladid.is. Hægt er að hlusta á fyrsta þáttinn, Ísbjörninn og Bítlarnir, á frettabladid.is/hladvarp. Sögur af plötum er unnið í samstarfi við Hagkaup.

Í fyrsta þætti rekur Bubbi söguna af því hvernig hann leiddist út í tónlist og lýsir aðdraganda plötunnar ásamt gesti sínum, gítarleikaranum Sigurgeiri Sigmundssyni.




**HLAÐVARPIÐ**

**á frettabladid.is**
*– hlustaðu þegar þér hentar*

Sögur af plötum er unnið í samstarfi við:

HAGKAUP

Meira svona alla daga

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram

FRETTABLADID.IS

Kvikmyndahornið

## Alien 40 ára

Edda Karítas Baldursdóttir
eddakaritas@frettabladid.is

Vísindahrollvekjan Alien var frumsýnd í Bandaríkjunum 22. júní 1979 fyrir nánast rennisléttum 40 árum. Kvikmyndin er talin með bestu geimmyndum allra tíma og skipar verðskuldað stóran sess í kvikmyndasögunni.
Alien er líka kvikmynd sem eldist einstaklega vel og mun alltaf standast tímans tönn vegna þess að mannkynið hefur og mun alltaf óttast hið óþekkta, það sem það skilur ekki og getur jafnvel ekki séð.



Með frábærum tæknibrellum og kvikmyndatöku nær Ridley Scott að vekja óhug hjá áhorfandanum og svo vel er að verki staðið að eftir 40 ár er Alien enn jafn ógnvekjandi og þegar hún kom fyrst út og mun eflaust hafa sömu áhrif á áhorfendur eftir önnur fjörutíu ár.

**Nokkrar staðreyndir um Alien**



- Einkum höfðu þrjár kvikmyndir áhrif á Ridley Scott við gerð Alien; Star Wars IV: A New Hope, 2001: A Space Odyssey og **The Texas Chain Saw Massacre**.
- Myndin átti upphaflega að heita **Star Beast**.
- Aðalpersónan **Ripley**, sem hefur ávallt verið talin eitt mesta hörkutól kvikmyndanna, átti upphaflega að vera karlmaður en Scott tók þá snjöllu ákvörðun að breyta persónunni í konu.



- Leikarar myndarinnar vissu af því að geimveran myndi brjótast út úr brjóstholinu á Kane, sem **John Hurt** lék. Þau vissu þó ekki hversu subbulegt þetta yrði. Ridley Scott magnaði svo viðbjóðinn með raunverulegum innyflum og dýrablóði. Hryllingssvipurinn á leikurunum er því raunverulegur.
- Leikkonan **Sigourney Weaver** fór létt með að slá eign sinni á persónu Ripley. Skírnarnafn leikkonunnar er öllu hefðbundnara en Sigourney en hún heitir í raun **Susan Alexandra Weaver**.



# Tískan á BET verðlaunahátíðinni

BET-verðlaunin voru veitt í gær í Los Angeles. Cardi B hlaut verðlaun fyrir bestu plötu ársins, Invasion of Privacy. Skærlitar dragtir voru áberandi vinsælar.

BET-verðlaunahátíðin verðlaunahátíðin var haldin í nítjánda skiptið í Microsoft-tónleikahöllinni í Los Angeles í gær. Leikkonan Regina Hall var kynnir en rapparinn Cardi B stóð uppi sem helsti sigurvegari kvöldsins með með tvenn verðlaun, þar á meðal bestu plötu ársins fyrir Invasion of Privacy. John Legend og DJ Khaled heiðruðu minningu rapparans Nipsey Hussle, en hann lést í skotárás nú fyrr á árinu. Körfuboltamaðurinn Stephen Curry fékk verðlaun fyrir að vera besti íþróttamaðurinn en Serena Williams besta íþróttakonan.

steingerdur@frettabladid.is



Mary J. Blige kom fram á hátíðinni.



Rapparinn Lil Kim mætti með þessa sérstöku Chanel-tösku.



Karrueche Tran og kærasti hennar, Victor Cruz.



Cardi B var að vonum ánægð með kvöldið þar sem hún vann verðlaunin fyrir bestu plötuna.



Skærlitar dragtir og jakkaföt voru mjög vinsæl á hátíðinni í ár. Söngkonan Ella Mai mætti í þessari eiturgrænu dragt.



Yara Shahidi leikur í sjónvapsþáttunum Blackish og Grownish sem sýndir eru á ABC-sjónvarpsstöðinni.



Anderson Paak var í þessu flotta bláa dressi. NORDICPHOTOS/GETTY

Söngkonan Ciara var glæsileg að vanda.


NÝTT
laktósafrír
Daim INSIDE
Djæf
MEÐ KARAMELLUKURLI
KÓKOSÍS MEÐ LÚXUSDÝFU
LAKTÓSAFRÍR
MEÐ KARAMELLUFYLLINGU
MEÐ PIPARBRAGÐI
MEÐ VANILLUBRAGÐI
APPELSÍN
ÍSNÁL
HNETU
Toppur
NAMMI
emmessis
2019
LURKAR
with
skyr
and organic berries
Trúðaís
Sjeik
rjóminn af sumrinu
emmessis.is
emmessis

GLAMOUR

Komið í allar helstu verslanir




Íslenskt tískutímarit






**Bassaleikarinn John Taylor og hinir í Duran Duran eru hæstánægðir með að vera komnir til Íslands eftir fjórtán ár. Þeir eru mjög spenntir fyrir að stíga á svið á Íslandi, í það sem örugglega verður síðasta sinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Síðasti sénsinn með Duran Duran

Drengirnir síungu í Duran Duran eru hæstánægðir með að vera komnir aftur til Íslands. Bassaleikarinn **John Taylor** segir þá mjög spennta fyrir kvöldinu þar sem þeir muni gefa sig alla í þennan örugglega síðasta séns að sjá þá á sviði á Íslandi.

John Taylor var sjálfum sér líkur þegar Fréttablaðið hitti hann í gær þegar hann var nýkominn til landsins og fór hvergi leynt með að hann væri mjög spenntur fyrir því að vera kominn hingað aftur en fjórtán ár eru liðin síðan hljómsveitin hélt sína fyrstu og það sem flestir töldu þá víst, síðustu tónleika á Íslandi.

„Við erum allir mjög spenntir fyrir þessu og veðrið núna er miklu betra en síðast. Hluti af forréttindunum sem fylgja því að vera í hljómsveit með Simon Le Bon er að hvar sem við komum þá býður okkur alltaf einhver afnot af bát,“ segir John með vísan til þess að söngvari hljómsveitarinnar er annálaður siglingakappi en þetta áhugamál kostaði hann næstum lífið þegar skútan hans, Drum, sökk í miðri kappsiglingu 1985. „Ég man að við sigldum út héðan frá Reykjavík og það var allt svo grátt og kalt. Óvenjulega drungalegt.“

### Seint komu sumir …

Eftir Íslandsheimsóknina í júní 2005 eru þeir félagar vel meðvitaðir um að hér höfðu aðdáendur þeirra beðið þeirra í tvo áratugi. Hann bendir þó á að sú langa bið geti ekki skrifast alfarið á hljómsveitina sjálfa.

„Þegar þú ert á þessum stað sem við vorum þá er rík tilhneiging til þess að fara þangað sem plötufyrirtækin vilja senda þig og það er þá auðvitað á stærri markaðina. Þannig að það var fullt af löndum út um allan heim sem við heimsóttum ekki árum saman og í raun ekki fyrr en að hljómsveitin var búin að klára fyrsta vinsældahringinn.




**John er ánægður með tónlistina á fyrstu plötunni sem bar einfaldlega nafn hljómsveitarinnar. Hann er hins vegar óhress með plötuumslagið þar sem hann er aftastur á myndinni.**

En það er virkilega frábært að vera hérna núna og við erum allir mjög spenntir fyrir þessu,“ segir John og glottir þegar hann bætir við að íslenskum aðdáendum þeirra sé fyrir bestu að gera sem mest úr þessum tónleikum. „Vegna þess að þetta er síðasti séns.“

### Þrúgandi vinsældir

Gríðarlegar vinsældir Duran Duran í byrjun níunda áratugarins keyrðu ungu tónlistarmennina frá Birmingham á Englandi hratt út en allt í lífinu leitar jafnvægis og yfirvegaðir og reynslunni ríkari standa þeir fjórir sem eftir eru þétt saman og hafa sjaldan verið betri á sviði en þessi árin.

„Við keyrðum okkur hart í nokkur ár. Framleiddum mikið af tónlist og vorum á endalausum tónleikaferðum. Þetta byrjaði að rúlla fyrir alvöru 1981 en sumarið 1985 þegar kom að Live Aid vorum við eiginlega útbrunnir.

Það var rosalega mikið í gangi og orkan var mikil. Þetta var bara eins og að fara í gegnum fellibyl. Bransinn var einhvern veginn tilbúinn fyrir okkur þarna í upphafi og vissi alveg hvernig átti að sprengja okkur út. Og við fylgdum því bara þangað til við gátum það ekki lengur.“

*En þið haldið enn dampi og eruð býsna öflugir.*

„Já. Ég meina fjórir eftir af fimm. Það er ekki slæmt.“

### Rio er meistaraverkið

Þegar talið berst að fyrstu þremur plötum Duran Duran sem þeyttu þeim upp á stjörnuhimininn segist John telja Rio þá bestu. „Ég held að Rio sé líklega sú sem helst megi segja að sé svo gott sem gallalaus.“

*Jújú, hún er auðvitað óumdeilda meistaraverkið.*

„Hún er það. ‚Ég er ánægður með fyrstu plötuna en óánægður með umslagið vegna þess að ég er aftastur á myndinni. En ég er mjög, mjög ánægður með tónlistina á henni. En Rio, þú veist, hver nóta, hvert atriði eru fullkomið.“

John segir þá Simon Le Bon, Andy Taylor, Nick Rhodes og Roger Taylor alla hafa deilt aðdáun á nútíma poppi og það hafi verið mikið lán að leiðir þeirra hafi legið saman.

„Þessir fimm upprunalegu meðlimir í Duran Duran voru óstöðvandi afl og við gerðum í raun ekki slæma plötu. Sú er arfleifð okkar, það sem við afrekuðum í raun og veru, og er ástæðan fyrir því að við erum enn að og komnir aftur til Reykjavíkur.“

**toti@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

Honey Nut Cheerios®

*fullt af fjöri*

# Taktu hunangið með í fríið



# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf





**BAKÞANKAR**


Hauks Arnar Birgissonar




## Við gegn þeim

Á sama tíma og ég hef mikinn á huga á stjórnmálum þá leiðist mér óskaplega stjórnmálatal. Þrasið og flokkadrættirnir eru óþolandi. Sendandi pakkans skiptir oft meira máli en innihaldið. Það er ekki sama hvaðan gott kemur og komi hugmyndin ekki úr réttri átt, skal hún felld. Stjórn gegn stjórnarandstöðu. Alltof margir falla í sömu gryfjuna og svo reyna þeir að klæða veiklulega afstöðu sína í tæknilegan búning, í viðleitni til að sannfæra sig sjálfa.

Við síðustu þinglok var frumvarp þingmanns Viðreisnar um breytingu á lögum um mannanöfn fellt á Alþingi. Frumvarpið gekk einkum út á að draga úr þeim takmörkunum sem núverandi lög setja fólki við val á sínum eigin nöfnum og barna sinna. Frumvarpið fól ekki beint í sér stórkostlegt hagsmunamál í stóra samhenginu en var engu að síður gott skref í rétta átt. Í átt að auknum sjálfsákvörðunarrétti fólks og minna stjórnlyndi.

Allir nema þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins greiddu atkvæði gegn frumvarpinu. Mátti helst skilja andstæðinga frumvarpsins þannig að vissulega væri þörf á því að breyta lögum um mannanöfn en þar sem þeim þótti frumvarpið ekki nógu vel útfært, gátu þeir ekki veitt því brautargengi. Í stað þess að leggja sjálfir fram breytingartillögu, felldu þeir frumvarpið. Yfir þessu hneyksluðust þingmenn Viðreisnar – skiljanlega.

Af því tilefni er hins vegar rétt að rifja upp að nýlega kusu borgarfulltrúar Viðreisnar ekki með tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um áskorun þess efnis að afnema ríkiseinokun á áfengissölu. Jafnvel þótt þingmenn Viðreisnar hafi á síðustu tveimur árum lagt fram frumvörp þess efnis. Einn þeirra er meira að segja borgarfulltrúi flokksins í dag. Yfir þessu hneyksluðust sjálfstæðismenn – skiljanlega. Furðuleg tík, pólitíkin.







